



SAMTÖKIN '78
STARFSSKÝRSLA 2008-2009

Efnisyfirlit

1	Stjórn, starfsmenn, fjármál og samvinnu við önnur félög	6
2	Fræðsla.....	8
3	Ráðgjöf.....	12
4	Menningarmiðstöð.....	13
5	Útgáfa.....	18
6	Stefnumótun og innra starf.....	19
7	Löggjöf, mannréttindi og alþjóðasarf.....	22
8	Starfshópar og samstarf við félög hinsegin fólks.....	24

Samtökin '78 hafa á undanförmum 30 árum unnið ötullega að því að rjúfa þögnina og skapa hinsegin fólki vettvang þar sem virðing er borin fyrir margbreytileikanum. Virðing fyrir því að hommar, lesbíur, tvíkynhneigðir og transgender fólk fái að vera til á sínum eigin forsendum en ekki á forsendum annarra. Það að fólki sé sýnd virðing án þess að spurt sé um stétt, stöðu, trú eða kynhneigð á að vera einn af hornsteinum samfélagsins sem við búum í. Virðing fyrir fjölbreytileikanum og fyrir því að við þurfum ekki öll að vera eins.

Á þrjátíu árum hefur lagalegri mismunum gagnvart samkynhneigðum verið rutt úr vegi einni af annarri. Árið 1996 tóku lög um staðfesta samvist gildi og árið 2006 er okkur í fersku minni þegar enn einum áfanganum var náð og samkynhneigð þör öðluðust sömu réttindi og gangkynhneigðir svo sem varðandi almannatryggingar, lífeyrismál, skattamál, erfðamál auk þess sem réttindi samkynhneigðra para í staðfestri samvist til að ætla börn varð að öllu leyti sá sami og gagnkynhneigðra para. Í júní á síðasta ári fögnuðum við 30 ára afmæli félagsins og einnig því að ný lög heimilðu vígslumönnum trúfélaga að staðfesta samvist.

Það er rökrétt og edlilegt framhald að afnema lög um staðfesta samvist og sameina hjúskapadöggjöfina í eina. Þá er brýnt að leiðrétta veka lagalega stöðu transgender fólks á Íslandi en þar erum við eftirbátar nágrannaþjóða okkar. Við þurfum líka að geta þess að það fólk sem flyst til Íslands frá löndum þar sem félagsleg- og lagaleg staða hinsegin fólks er afar veik verði ekki þögninni að bráð.

Hinsegin fólk er ekki einsleitur hópur. Með sýnileikanum hafa staðalmyndirnar vikið fyrir veruleikanum eins og hann er, eins og við erum. Fyrir rúmum 30 árum eða um það leyti sem Samtökin '78 urðu til áttu íslenskir hommar og lesbíur sér enga rödd. Fjölskyldur samkynhneigðra voru ekki til, börn samkynhneigðra ósýnileg og fordómar í garð samkynhneigðra viðvarandi. Það eru tímar sem við viljum ekki upplifa aftur.

Við sköpum það samfélag sem við búum í og það er undir okkur komið að skapa hinsegin fólki þá tilveru sem við kjósum. Framlag hvers og eins er mikilvægt og þar skiptir stuðningur við félagið okkar öllu máli í stóru sem smáu.

Frosti Jónsson.

1 Stjórn, starfsmenn, fjármál og samvinna við önnur félög

1.1 Aðalfundur, kjör stjórnar og trúnaðarráðs

Aðalfundur Samtakanna '78 var haldinn 29. mars 2008 í húsaáskynnum félagsins. Viðstaddir voru 19 félagar. Fylgt var dagskrá aðalfundar svo sem lýst er í félagslögum. Aðeins einn listi barst til stjórnarkjörs, og var hann sjálfkjörinn. Í stjórn tóku sæti:

Frosti Jónsson, formaður
Kristín Elva Viðarsdóttir, varaformaður
Hilmár Magnússon, ritari
Guðrún Óskarsdóttir, galdkeri
Elín Sveinsdóttir, meðstjórnandi
Kristján Friðbertsson, meðstjórnandi
Ragnar Ólason, meðstjórnandi

Í trúnaðarráð voru kosnir 10 félagar:

Anna Jonna Ámannsdóttir
Birgir Magnússon
Brynjár Smári Hermannsson
Fríða Agnarsdóttir
Guðfríður Lilja Grétarsdóttir
Guðrún Rögnvaldardóttir
Haukur Árni Hjartarson
Íris Ellenberger
Rakel Snorradóttir
Svavar Jónsson

Stjórnin fundaði 18 sinnum á starfsárinu. Stjórn og trúnaðarráð funduðu tvisvar á starfsárinu. Stjórn og trúnaðarráð hélt stuttan fund skömmu eftir aðalfund þar sem starfsemi félagsins var rædd. Stærstur hluti trúnaðaráðs tók svo þátt í málþingi sem fram fór á Akureyri í apríl. Síðari trúnaðarráðsfundur fór fram í október og var hluti af stefnumótunarvinnu sem fram fór í tengslum við störf laga- og stefnuskrárefndar. Vinnu þeirrar nefndar er gerð ítaðleg skil í kafla 6.

1.2 Starfsmannahald, tækjakostur og viðhald húsnæðis

Framkvæmdastjóri félagsins til 5 ára Hrafnkell T. Stefánsson lét af störfum þann 1. júlí 2008. Þakkar

félagið honum fyrir vel unnin störf á undanföllum árum. Við starfi hans tók Lárus Ari Knútsson. Sem fyrr sinnir framkvæmdastjóri daglegum rekstri félagsins, umsjón með félagaskrá og innheimtu félagsgjalda, uppgjör og innheimtu reikninga, auglýsingasöfnun, bréfaskrifum, fréttaskrifum og upp færslu heimasíðu auk þess að sinna öðrum þeim verkefnum sem félagið vinnur að á hverjum tíma. Framkvæmdastjóri annast tengsl við fjölmiðla og stjórnvöld og svarar erindum og fyrirspurnum sem berast félaginu. Framkvæmdastjóri hafði yfirumsjón með daglegu fræðslu- og ráðgjafa starfi þar til á haustdögum þegar fræðslustjóri tók til starfa.

Haustið 2007 urðu þau tímamót að fræðslustjóri, Katrín Jónsdóttir hjúkrunar- og mannfæðingur, var ráðinn í fullt starf hjá félaginu. Engar breytingar urðu á högum fræðslustjóra á árinu en hann skipuleggur daglegt fræðslustarf félagsins svo sem jafningjafræðslu í skólum og fræðslu til fagstétta svo sem kennara, skólahjúkrunafræðinga, félagsráðgjafa og fleiri. Einnig sinnir fræðslustjóri fræðslu í nokkrum sveitarfélögum sem gert hafa þjónustusamning við Samtökin '78 svo sem Akraneskaupstað, Árborg, Hafnarfjörð og Reykþanes.

Fræðslustjóri annast einnig gerð námsefnis, skrif bæklinga og annars kynningarefnis auk þess að taka þátt í öðrum verkefnum á sviði ráðgjafar og fræðslu. Fræðslustjóri vinnur að stefnumótun félagsins til lengri tíma með það að markmiði að létta álagi á sjálfbodaliðum og tengja betur þessa starfsemi annarri þjónustu félagsins svo sem félagsráðgjöf og starfi með ungu fólki. Með stöðu fræðslustjóra er félagið betur í stakk búð til þess að mæta aukinni eftirspurn eftir faglegri fræðslu og ráðgjöf svo sem í skólakerfi, atvinnulífi og íþróttahreyfingu.

Sigbór Sigbórsson vann ómetanlegt starf sem húsvörður og umsjónarmaður félagsmiðstöðvar en með honum starfar hópur sjálfbodaliða sem leggur af mörkum mikla og óeigingjarna vinnu. Aðrir simtu störfum fyrir félagið sem lausráðnir verktakar svo sem við félagsráðgjöf og umsjón með fræðslufundum og ungmennahópi Sigbór lét af störfum 1. nóvember 2009 og þakkar félagið honum fyrir vel unnin störf á undanföllum árum.

Með ráðningu nýs starfsmanns voru gerðar breytingar á skipulagi húsnæðisins. Skrifstofa framkvæmdastjóra var flutt í herbergi sem áður nýttist sem fundaðstaða og starfa framkvæmdastjóri og fræðslustjóri þar í einni skrifstofu. Við það losnaði herbergi sem nú er nýtt sem ráðgjafaherbergi. Samhliða breytingunum var skipt um lykklakerfi á allri hæðinni. Á starfsárinu voru keyptar tvær nýjar tölvur á skrifstofu, hljómlutningstæki í

Regnbogasal, hátalarakerfi og afgreiðsluborð á bókasafn. Aðkallandi er að skipta út húsgögnum í Regnbogasalnum sem farin eru að láta á sjá.

Ljóst er að fasteignin á Laugavegi 3 kallar á verulegt viðhald. Fyrir liggur að gera við þak og fer vinna við það í gang með vorinu. Þá var húsnæði félagsins málað að utan. Einnig þarf að taka anddyri og stigagang í gegn, m.a. með tilliti til aðgengi fatlaðra í huga. Í desember 2008 var skipt um teppi á jarðhæð stigahúss.

Í lok árs 2006 var leitað tilboða í viðgerð á þaki, gluggum og múrverki hússins hjá nokkrum verktökum. Þrátt fyrir nokkra eftirfylgni á síðasta ári tókst ekki að fá tilboð hjá traustum verktökum og má þar eflaust kenna um gríðarlegri þenslu í hagkerfinu og litlum áhuga verktaka á að sinna viðhaldsvinnu sem þessari. Engu að síður var ráðist í viðgerð á múrverki framhliðar hússins. Múrviðgerðir á aftanverðu húsi, gluggasmíði og viðhald á stigagangi biða betri tíma en nú þegar hefur fengist ábyrgur verktaki til þess að laga þak hússins með vorinu.

1.3 Fjármál

Rekstrartekjur félagsins á árinu námu 21.099.202 og rekstrargjöld 22.498.690. Fasteignamat eignarinnar var um áramót 26.470.000 kr. og er það óbreytt frá fyrra ári. Brunabótamat er 41.600.000. Áhvílandi húsnæðisskuldur (langtímaskuldir) um áramót voru 11.989.843 og hafa hækkað um 41,33% frá fyrra ári. Erlent lán hefur hækkað hlutfallslega mest, var 2.811.473 en er nú 5.411.022 (92,46% hækkun), innlend lán voru kr. 5.671.845 en er nú nú 6.578.821 (15,99% hækkun). Skammtímaskuldir eru 957.001 og er það 26,74% hækkun frá fyrra ári. Eignir ársins 2008 eru 27.271.960 en voru á síðasta ári 29.440.070 eða 7,37% lægri

→ Sjá fylgiskjöl: Rekstrar- og efnahagsrækingur

Breytt rekstranumhverfi og fyrisjáanlegt tekjufall kallar á viðbrögð. Á síðasta ári hefur mikil vinna verið lögð í að fara yfir allan rekstur félagsins með það að markmiði að draga úr rekstrarkostnaði og ná fram hagræðingu þar sem það er mögulegt. Einnig kallar umsvifameiri rekstur á agaðri vinnubrögð við alla fjárlagagerð og hefur mikil vinna verið lögð í að vinna fjárhagsáætlun fyrir árið 2009 og var hún kynnt á félagsfundi í nóvember ásamt sundurliðun fjárhagsársins 2008. Ávinningur þeirrar vinnu er meiri yfirsýn og upplýstari ákvarðanatáka. Sú vinna hefur þegar sannað gildi sitt þegar bregðast þarf við breyttum efnahagsaðstæðum sem hafa áhif á afkomu félagsins eins og önnur félög í þessu landi.

Breytingar urðu á tilhögun styrkja af hálfu hins opinbera á árinu en framlög ríkisins sameinuð í einn lið á fjárlögum. Áður höfðu framlög hins opinbera komið úr ýmsum áttum svo sem fjárlaganefnd félaginu, forsætisráðuneyti og félagsmálaráðuneyti. Félaginu var veittur 6.500.000 króna framlag á fjárlögum til þess að mæta launum framkvæmdastjóra og almennum rekstrarkostnaði auk 1.500.000 króna frá félagsmálaráðuneyti til að standa straum af fræðslu.

Annað árið í röð styrkir Reykjavíkurborg félagið um 2.000.000 kr. til að mæta kostnaði við störf fræðslustjóra. Samningur félagsins við Reykjavíkurborg er til þriggja ára og rennur út í lok ársins 2009. Þá greiddi Reykjavíkurborg félaginu 1.000.000 kr. sem er hluti af þriggja ára þjónustusamningi sem meðal annars er ætlað að mæta kostnaði við stöðugildi framkvæmdastjóra, störf félagsráðgjafa, störf með ungliðahópi, bókakaup og fræðslu til starfsmanna Reykjavíkurborgar. Félagið hlaut einnig styrk úr þróunarsjóði menntaráðs Reykjavíkurborgar vegna skólaársins 2007-2008 og 2008-2009 en verkefnið er þriggja ára þróunarverkefni sem hefur það að markmiði að byggja upp fræðslu um samkyrnhegð í skólum borgarinnar. Þá hefur félagið gert þjónustusamninga við nokkur sveitarfélög sem styrkja tekjugrunn félagsins til lengri tíma.


Félagið leitaði með markvissum hætti eftir samstarfi við fyrirtæki og var alla jafna lagt upp með samstarf til lengri tíma en skemmri. Menningarsjóður Glitnis styrkti félagið um 500.000 kr. á árinu 2008 og 250.000 á árinu 2009. Er styrknum ætlað að mæta kostnaði við jafningjafraðslu í skólum og gerð fræðsluefnis. Flugfélag Íslands styrkti félagið með því að leggja til sextán afsláttar- og frímiða gegn auglýsingu í fréttabréfi og á heimasíðu. Markmið samstarfsins er að gera félaginu kleift að sinna jafningjafraðslu á landsbyggðinni. Þá var í gildi samningur við Iceland Express en hann tryggir félaginu tíu gjafabréf sem gilda á öllum flugleiðum flugfélagsins. Framlag félagsins til samstarfsins var vinnsla á kynningartexta fyrir vef Iceland Express, annars vegar fyrir erlenda ferðamenn þar sem helstu hinsegin viðburðum á Íslandi eru gerð skil og hinsvegar upplýsingar um áhugaverða viðburði fyrir hinsegin fólk á flugleiðum Iceland Express erlendis.

1.4 Félagatal

Félagar sem greiddu félagsgjöld á árinu voru 558 og fjólgar um 71 á árinu. Árið 2007 greiddu 487, 2006 greiddu 409 félagsmenn félagsgjöld og árið 2005 voru þeir 337. Félagum hefur fjölgað jafnt og þétt milli ára

(ef undanskilin eru árin 2001 og 2003) og hafa þeir aldrei verið fleiri.

Breyting á skráðum félögum milli ára



Engar breytingar voru gerðar á félagsgjöldum en þeim var síðast breytt árið 2007. Almenn fólsgjald var hækkað í 4000 kr. og námsmannaafsláttur og styrktarfélagsaðild felld niður. Afsláttur lífeyrisþega og ungs fólks var hins vegar aukinn. Greiða lífeyrisþegar og fólk 24 ára og yngri 2.000 kr. og félagar í ungmennahópi 19 ára og yngri 1.000 kr. Þör í staðfestri samvist, hjónabandi eða skráðri sambúð njóta einnig afsláttar og greiða 7.000 kr. félagsgjald. Þeir sem kjósa að styrkja félagið um 500 kr. eða meira á mánuði fá einnig sjálfkrafa aðild að félaginu ef þeir svo kjósa. Samhliða þessum breytingum var nýtt kerfi við innheimtu félagsgjalda tekið upp með það fyrir augum að spara kostnað og fyrirhöfn við innheimtu. Sem fyrr getur fólk skráð sig í Alefli eða Framlag hjá kreditortafyrirtækjunum og farið þá félagsgjaldið árlega eða mánaðarlega á kort viðkomandi.

1.5 Aðild að öðrum félagasamtökum og mannréttindahreyfingum

Samtökin 78 gerðust aðili að Mannréttindaskrifstofu Íslands árið 2001. Skrifstofan er óháð stofnun sem vinnur að framgangi mannréttinda með því að stuðla að rannsóknum og fræðslu og efla umræðu um mannréttindi á Íslandi. Skrifstofan gegnir einnig ákveðnu eftirlitshlutverki en hún veitir umsagnir um lagafumvörp og skilar skýrslum til eftirlitsnefnda Samánuðu þjóðanna og Evrópuráðsins. Fjórtán félög eiga aðild að skrifstofunni og eiga Samtökin fulltrúa í stjórn, Hrafnkell Tjörvi Stefánsson.



Samtökin 78 eru eitt elsta aðildarfélag ILGA – International Gay and Lesbian Association sem eru regnhlífásamtök félaga samkynhneigðra, tvíkynhneigðra og transgender fólks um allan heim. Um beina þátttöku í starfi þeirra var ekki að ræða.

2 Fræðsla

Undanfarin ár hefur starfsfólk og sjálfboðaliðar Samtakanna 78 boðið upp á jafningjafraðslu fyrir nemendur á flestum skólastigum. Hugmyndin er sú að fundirnir séu byggðir upp sem jafningjafræðsla þannig að nemendurnir fræðist af samkynhneigðum jafnöldrum sínum um hvernig það er að vera samkynhneigð manneskja, hvað sé frábrugðið og hvað sé líkt með þeim og öðrum nemendum á svipuðu reki. Á fundunum er margvísleg þjónusta félagsins kynnt svo og saga réttindabaráttu samkynhneigðra og lagaleg staða þeirra í dag. Mest áhersla er þó lögð á hinn persónulega þátt frásagnarinnar þar sem jafningjar fræða jafningja um reynslu sína.

2.1 Jafningjafraðsla

Katrín Jónsdóttir fræðslustjóri Samtakanna 78 hafði umsjón með jafningjafraðslunni, kynningu og bókun funda. Jafningjahópurinn er skipaður krökkum á aldrinum 18 – 24 ára sem fara í heimsóknir í efstu bekk grunnskóla, einkum 8. bekk til og með 10. bekk. Þá fer hópurinn einnig í heimsóknir í menntaskóla. Fjöldi funda hefur aukist jafnt og þétt undanfarin ár og eftirspurn eftir fundum meiri en félagið getur annað. Líklega er það merki um að fræðsla undanfarinna ára hafi skilað séren í mörgum skólum er það fastur liður að fá heimsóknir frá jafningjum Samtakanna 78. Einnig má þakka breytingu á aðalnámsskrá lífsleikni en lífsleikni er kjörin vettvangur fyrir jafningjafraðsluna.


Sú nýlunda var í fræðslustarfinu að koma á fót svokallaða sérsveit en það eru heymarlausir samkynhneigðir einstaklingar sem fóru í heimsóknir með fræðslustjóra og þá sérstaklega í skóla þar sem nemendur eru heymarlausir. Þetta hefur gefist mjög vel.

2.2 Skólafundir

Á starfsárinu voru haldnir 46 skólafundir, 21 á grunnskólastigi, 14 á framhaldsskólastigi og 5 í

félagsmiðstöðvum. Einnig voru haldnir 6 skólafundir með starfsfólki skóla. Þetta er um það bil sami fjöldi og starfsárið 2007-2008 en þá voru fræðslufundirnir 45.

Fjöldi funda yfir veturinn er talsvert yfir meðaltali undanfarinna ára. Ef skoðaður er fjöldi funda frá árinu 2000 kemur í ljós að fjöldi fræðslufunda hefur vaxið jafnt og þétt milli ára ef undan er skilinn veturinn 2003 til 2004. Það er ljóst að eftirspurn eftir fræðslu er mikil og vaxandi eins og áður segir.



2.3 Fræðsla til fagfólks

Ef marka má óskir um samstarf og fræðslufundi á undanförunum árum og fjölgun funda í skólum þá hefur orðið vitundarvakning meðal starfsfólks skóla. Sú samfellda fræðsla sem Samtökin '78 hafa veitt undanfarin ár á vafalaust hlut að máli samhliða viðhorfabreytingum í samfélaginu almennt. Þó er mikilvægt að bæta úr því námsefni sem er í boði enda námsefni um tilveru og menningu hinsegin fólks ábótavant. Það er afar mikilvægt að halda uppi öflugri fræðslustarfi á öllum skólastigum svo rödd hinsegin fólks heyrir og virðing fyrir margbreytileikanum verði ekki þögninni að bráð. Meðal þeirra starfstétta sem fræðsla félagsins hefur beinst að eru kennarar, hjúkunarfræðingar, félagsráðgjafar, námsráðgjafar, sálfræðingar og auk fleiri fagstétta. Lífandi umræða og fræðsla er ein af forsendum betra skólastarfs og bættri líðan nemenda.

2.4 Samstarf Samtakanna '78, FAS og Menntasviðs Reykjavíkurborgar - KATA

Eitt stærsta verkefni félagsins á sviði fræðslumála er samstarfsverkefni Samtakanna '78, menntasviðs Reykjavíkurborgar og FAS – félags aðstandenda

samkynhneigðra sem unnið er undir forystu Katrínar Jónsdóttur fræðslustjóra. Verkefnið er styrkt af Þróunarsjóði menntaráðs og fór formlega af stað haustið 2007. Verkefnið skiptist í nokkra þætti.

2.4.1 Skólaheimsóknir.

Fræðslufundir í grunnskólum Reykjavíkur fyrir starfsfólk skólans. Innkoman er svolítið öðruvísi en með jafningjana en það gengur vel þegar inn er komið. Eini hængurinn á því að fá fundi hefur verið sá að velflestir skólarnir eru með kennarafund á sömu dögum og á sama tíma. Fræðslustjóri fer í skólana ásamt fulltrúa frá FAS sem einnig er með framsögu.

2.4.2 Málþing fyrir fagfólk.

Fræðslustjóri hefur séð um að skipuleggja í samstarfi við Menntasvið borgarinnar árlegt málþing fyrir náms – og starfsráðgjafa og skólahjúkrunarfræðinga úr bæði grunnskólum og menntaskólum. Á málþingid er einnig boðin þátttaka starfsfólki þjónustumiðstöðva Reykjavíkurborgar svo sem félagsráðgjöfum og sálfræðingum. Einnig hefur fræðslustjóri tekið þátt í rýnihópi kennara vegna gerðar á fræðsluefni.

Þann 12. mars 2009 stóðu Samtökin '78, FAS félag aðstandenda samkynhneigðra og Menntasvið Reykjavíkurborgar fyrir málþingi en það var hluti af samstarfsverkefni þessara félaga. Markmið verkefnis var að byggja upp fræðslustarf um samkynhneigð meðal starfsfólks, nemenda og foreldra í grunnskólum Reykjavíkurborgar. Meðal þeirra sem tóku til máls á málþinginu voru Guðrún Edda Bentsdóttir sérfræðingur á Menntasviði Reykjavíkur, Katrín Jónsdóttur fræðslustjóri Samtakanna '78, Sigga Birna Valsdóttir kennari í Hagaskóla sem sagði frá reynslu sinni sem samkynhneigður kennari í grunnskóla, Anna Jonna Ármannsdóttir fulltrúi Trans-Ísland sem sagði frá stöðu transgender fólks á Íslandi, Smári Veigarsson frá Jafningafræðslu Samtakanna '78 sem sagði frá starfsemi jafningafræðslunnar í skólum og félagsmiðstöðvum, Guðbjörg Ottósdóttir félagsráðgjafi hjá Samtökunum '78 og Guðrún Rögnvaldadóttir fulltrúi FAS sagði frá reynslu sinni sem foreldri samkynhneigðs barns og viðhorfum í skólunum. Þá flutti þau Guðmundur Felixson og Álfrún Perla Baldursdóttir framsögu undir yfirskrifunni "Við eigum tvo þabba".

2.5 Þjónustusamningar við sveitarfélög

Lögð var áhersla á að kynna starfsemi félagsins fyrir sveitarfélögum í nágrenni Reykjavíkur. Um þriðjungur félaga í Samtökunum '78 býr í öðrum sveitarfélögum en Reykjavík og mikilvægt er að kynna starfsemi og þjónustu félagsins fyrir þeim. Til Samtakanna '78 kitar fólk úr öllum landsfjórðungum eftir fræðslu, ráðgjöf og annari þjónustu. Nauðsynlegt er að þeir sem sinna slíkum málaflokkum á viðkomandi stöðum viti um þá þjónustu sem félagið veitir. Öllum sveitarfélögum í nágrenni Reykjavíkur var því sent kynningarefni og þeim boðið að ræða hugmynd að þjónustusamningi.

Haldnir voru kynningafundir með fulltrúum frá Hafnarfjarðarbæ, Reykjanesbæ, Árborg, Kópavogi og Akraneskaupstað. Undirtektir voru í flestum tilvikum góðar og áhugi meðal stjórnenda í þessum sveitarfélögum á þeirri þjónustu sem félagið veitir. Á kynningarfundum lagði félagið fram tillögu að þjónustusamning til þriggja ára sem tekur á eftirfarandi þáttum:

1. Fræðslu til fagstétta í viðkomandi sveitarfélagi
2. Félags- og ráðgjafarþjónustu við íbúa veitarfélagsins
3. Stuðningi við rekstur ungmennahóps Samtakanna '78
4. Jafningjafræðslufundum í grunnskólum sveitarfélaganna

Í dag eru sex sveitarfélög í samstarfi við Samtökin '78. Þau eru Hafnarfjarðarbær, Akraneskaupstaður, Árborg, Reykjanesbær, Seltjarnarnes og Reykjavík. Bæjaryfirvöld í Kópavogi höfnuðu hins vegar boði Samtakanna '78 um þjónustu við Kópavogsbúa. Þjónusta Samtakanna '78 mun verða boðin fleiri sveitarfélögum á þessu ári, enda hefur reynsla núverandi samstarfs verið góð.

2.6 Kennsla og erindi í trúnaðarmannaskóla ASÍ

Stofnað var til samstarfs milli Samtakanna '78 og ASÍ um fræðslu um samkynhneigð í trúnaðarmannaskóla ASÍ. Á starfsárinu var haldinn fræðslufundur fyrir í trúnaðarmannaskólann en

fyrirhugað er að halda fleiri námskeið, allt eftir að sökn og eftirspurn hverju sinni.

2.7 Progress verkefni

Samtökin '78 tóku þátt í verkefninu „Evrópuár jafnra tækifæra 2007“ en Félagsmálaráðuneytið haði umsjón með því. Fræðslustjóri tók þátt í vinnu í tengslum við s.k. Progress verkefni sem er samevrópskt verkefni og að nokkru leyti framhald af „Ári jafnra tækifæra“.

Verkefnið er hluti af Progress áætlun Evrópusambandsins sem mun standa til ársins 2013 að öllu óbreyttu. Reaching out bæklingurinn sem kom út á síðasta ári er einn angi af verkefninu en hann fjallar um réttastöðu samkynhneigðra á Íslandi á fjórum tungumálum, ensku, tælensku, pólsku og lithásku. Bæklingurinn var afhentur þáverandi félagsmálaráðherra Jóhönnu Sigurðardóttur þann 27. apríl 2008 og í kjölfarið héldu formaður og fræðslustjóri kynningu á verkefninu fyrir starfsfólki ráðuneytisins sem komu að þessu verkefni.

Yfirstandandi *Progress* verkefni er samstarfsverkefni fleiri félagsamtaka undir stjórn Mannréttindaskrifstofu en verkefnið gengur út á að athuga hugsanlega fordóma í garð ýmissa félagshópas t.d. samkynhneigðra, fatlaðra, innflytjenda, mismunandi trúarbragðra, kvenna og fleiri hópa. Þetta verkefni mun vara þetta ár og er viðhorf til þessara hópa mæld fyrir ýmsar aðgerðir og síðan í árslok.



Málþing um löggjöf gegn mismunun á Íslandi sem haldið var 30. janúar 2008 var hluti af þessu verkefni en þar kom m.a. Anna Theódóra Gunnarsdóttir sérfræðingur hjá umboðsmanni gegn mismunum í Svíþjóð og hélt erindi. Til umræðu á málþinginu var meðal annars bann Evrópusambandsins um við mismunun á vinnuarkaði og bann við mismunun á grundvelli kynþáttar og þá með tillit til íslenskrar löggjafar. Enn fremur var fjallað um nýja jafnréttislöggjöf Svá sem og um tilurð og hlutverk nýstofnaðs embættis umboðsmanns gegn

mismunun í Svíþjóð.

2.8 Málþing á Akureyri

Samtökin '78 tóku þátt í tveimur fræðslufundum á landsbyggðinni á starfsárinu. Þann 12. apríl hélt Norðurlandshópur Samtakanna '78, '78N, málþing um samkynhneigða á landsbyggðinni undir yfirskrifinni "Samkynhneigð á landsbyggðinni - frá möl á mold".

Málþingið var haldið í Verkmenntaskólanum á Akureyri og sóttu það milli 50-60 manns, þar af 20 manns frá Samtökunum '78, meðlimir stjórnar, trúnaðarráðs og ungliðahóps Samtakanna '89. Meðal þeirra sem fluttu erindi voru Aðalsteinn Vestmann formaður S78N, Rakel Snorradóttir sem sagði frá endurnýjun og starfssemi S78N, Brynjar Ingi Skaptasson sagði frá starfsemi foreldrafélags samkynhneigðra á Akureyri og mikilvægi slíks starfs, Katrín Jónsdóttir fræðslustjóri Samtakanna '78 flutti erindi undir yfirskrifinni: „Hinsegin himinn eða Helviti – fræðsla hvað?“, Guðmundur Ingi Guðbrandsson umhverfisfræðingur sagði frá

reynslu sinni og að lokum spjallaði Frosti Jónsson formaður Samtakanna '78 um daginn og veginn á hinsegin

nótum. Að framsöguer indum loknum voru líflegar og skemmtilegar umræður. Á Akureyrarhópurinn hrós skilið fyrir frábærlega vel heppnað málþing. Um kvöldið var svo efnt til hinsegin skemmtunar á Kaffi Amor.



Málþing á Akureyri

2.9 Fræðslufundur á Ísafirði

Hilmar Magnússon tók þátt fyrir hönd Samtanna '78 í fræðsludagskrá um málefni hinsegin fólks sem fram fór í Menntaskólanum á Ísafirði í byrjun mars 2009. Fundinn sóttu nemendur og starfsfólk skólans auk annara gesta.

Fyrirlesturinn er hluti af áralöngu fræðslustarfi Samtakanna '78 í skólum landsins. Framkvæðið að þessu sinni áttu nemendurnir sjálfir, en þessa vikuna héldu þeir sína árlegu menningarviku, Sólrishátíðina. Ísafjarðardeild Rauða kross Íslands stóð straum af kostnaði við að flytja fyrirlesaran til og frá bænum.

Salurinn var mjög lifandi frá fyrstu stund og ekki spilltu persónuleg tengsl fyrirlesara við skólann og bæinn fyrir í þeim efnum. Um leið og orðið var gefið laust tóku spurningarnar að flæða og fór svo að fundur sem átti að standa yfir í 40 mínútur lauk ekki fyrir en 2 klukkutímum eftir að hann hófst.

Fundurinn var góð áminningum til okkar sem störfum á vettvangi Samtakanna '78 um mikilvægi þess að gefa landsbyggðinni meiri gæm. Upp spunnust mjög fjórlegar umræður um allt á milli himins og jarðar. Þannig var flakkað á milli þess hvernig það væri að vera hinsegin í litlum bæ úti á landi og yfir í það að ræða kynlíf homma og lesbía. Sumir spurðu um hvort það væri munur á landsbyggðarhommum og borgarhommum á meðan aðrir vildu vita hvað fælist í því að vera transgender. Einhverjir höfðu áhyggjur af afstöðu kirkjunnar, en aðrir vildu fræðast um fjölskyldur hinsegin fólks, hvort margt hinsegin fólk ætti börn og hvernig foreldrar tækju því þegar börnin kæmu út úr skápnum. Og jafnvel hvernig börnin tækju því þegar foreldrar kæmu út. Þá var spurt um hvernig samkynhneigðir hegðuðu sér í almenningsböðum. Að sjálfsgöðu kom einnig hin klassíska spurning um hvort samkynhneigð væri úr umhverfinu eða af náttúrunnar völdum.

Fundargestir þekktu vel til ábænda hinsegin fólks í samfélaginu og lausleg könnun meðal þessara u.þ.b. 100 gesta leiddi í ljós að allt að helmingurinn þekkti persónulega til hinsegin einstaklinga, hvort sem um var að ræða vini, kunningja, fjölskyldumeðlimi eða fjarskyldari ættingja. Ýmsir urðu þó nokkuð hissa þegar Hilmar taldi upp allan þann fjölda hinsegin fólks sem hann vissi til að í gegnum tíðina hefði komið frá Ísafirði og Vestfirðum. Í lok fundar fór Guðrún Á. Stefánsdóttir námsráðgjafi nokkrum orðum um málefnið og þakkaði kærlega fyrir mikilvægan, góðan og tímabæran fund.

2.10 Aðrir fræðslufundir

Fræðslustjóri hélt erindi á fjölbreyttum vettvangi t.d. fyrir Vinnuskóla Reykjavíkur og aðra vinnuskóla í nágrennasveitarfélögunum. Jafnframt hélt fræðslustjóri erindi í kynjafæðum í Háskólanum, á bókasöfnunum og alls konar kynningardögum í margvíslegu samhengi.

3 Ráðgjöf

Fyrir marga er viðtal hjá félagsráðgjafa fyrsta heimsókn þeirra í húsnæði Samtakanna. Markmið félagsráðgjafa hjá Samtökunum '78 er að gefa fólki kost á viðtölum til að ræða sína stöðu, bæði út frá tilfinningalegum þáttum og einnig út frá ýmsu því sem snýr að réttindamálum. Boðið er upp á 1 – 3 viðtöl en ef talin er þörf á fleiri viðtölum eða meðferð er bent á aðra sérfræðinga utan Samtakanna '78. Hægt er að panta viðtal á skrifstofu Samtakanna '78. Ekki er greitt sérstaklega fyrir viðtölin en Samtökin fá styrk frá Reykjavíkurborg og fleiri sveitarfélögum til að mæta kostnaði við ráðgjöf og fræðslu.

Tveir félagsráðgjafar skipta með sér viðtölunum, þær Guðbjörg Ottósdóttir og Anni G. Haugen.

Eftirspurn eftir viðtölum er jafnan nokkuð sveiflukennd og fjöldi viðtala er svipaður og árið 2007. Lítil munur er á fjölda karla og kvenna sem í viðtali komu. Helsta breytingin er sú að fleiri pör og aðstandendur samkynhneigðra leituðu eftir félagsráðgjöf. Flest þeirra sem leita ráðgjafa eru á aldrinum 31 – 50 ára og fáir undir 20 ára koma. Spyrja má hvort sá hópur fái þær upplýsingar sem þeir telja sig þurfa á veraldarvefnum eða hjá ungliðahópi Samtakanna.


Helstu ástæðurnar fyrir því að óska eftir viðtali við félagsráðgjafa Samtakanna voru ýmsar vangaveltur kringum það að "koma út" og óöryggi sem tengist kynhneigð.

Spurningarnar sem tengjast því að "koma út" eru margvíslegar. Þær tengjast eigin sjálfsmynd, því hvernig og hverjum eigi að segja frá og spurningum um hvernig líf samkynhneigðra er. Hjá þeim konum og körlum sem eiga börn vaknar nær alltaf spurningin um hvort kynhneigðin eða breytt lífsmynstur muni hafa áhrif á börnin, hvernig og hvenær eigi að segja þeim frá, hvort rétt sé að ræða um þessi mál við kennara og aðra sem sinna börnunum o.fl. Margir veltu einnig fyrir sér hvar hægt væri að hitta aðra samkynhneigða til að kynnast betur þessum "nýja" heimi.


Óöryggi varðandi kynhlutverk tengist oftast ekki eigin fordómum og því hvernig hægt sé að taka á því.

Nokkur hluti þeirra sem komu í viðtöl eru í gagnkynhneigðu hjónabandi, eru óöruggir um eigið kynhlutverk og fullir angistar, kvíða og sektakenndar yfir því að finna fyrir tilfinningum sem samræmist ekki þeirra félagslegu stöðu sem maki í gagnkynhneigðu hjónabandi.

Aldurskipting þeirra sem leitað hafa til ráðgjafa 2004 - 2008



Hverjir leita til ráðgjafa 2001-2008




Margir vilja ræða um ólíkar hlíðar málefna er tengjast börnum, bæði samskipti við börn maka, samskipti við skóla og félagslegt umhverfi barnanna og komu nýs maka inn á heimili barns. Þá vakna oft spurningar sem tengjast tæknifrjóvgun, ættleiðingu stjúpbarna, réttindamálum kjörforeldra, barnanna sjálfra og foreldra sem ekki fara með forsjá barna sinna.

Þeir foreldrar sem koma til að ræða um málefni samkynhneigðra barna sinna eru oftast ekki að velta fyrir sér á hvem hátt þeir geti best stutt börnin sín, um leið og þeir vilja kynnast frekar málefnum samkynhneigðra og fá skýrari mynd af því hvað bíður barnsins þeirra.

Nokkrir einstaklingar leituðu eftir ráðgjöf vegna óöryggis með kyn.

Fyrir marga er viðtal hjá félagsráðgjafa fyrsta heimsókn þeirra í húsnæði Samtakanna. Viðkomandi er þá boðið að skoða húsnæðið betur eftir viðtalið og bent á að í bókasafninu er hægt að finna mikið efni um samkynhneigð. Greinilegt er að netið skiptir flesta þá er

koma miklu máli, bæði til að leita sér upplýsinga og einnig til að komast í samband við aðra samkynhneigða.



Framtíðarsýn ráðgjafarinnar er að á árinu 2009 verði hægt að auka fjölbreytni hennar. Þannig væri hægt að bjóða upp á hópstarf fyrir t.d. börn samkynhneigðra foreldra og fyrir ungt fólk. Þá væri áhugavert að geta boðið upp á hópstarf fyrir fólk sem er að koma úr skápnum eftir þrjú. Jafnframt er það von okkar að hægt verði að bjóða upp á stutt námskeið þar sem tengjast sameiginlegri reynslu vardandi samkynhneigð. Þessi námskeið yrðu í boði ca. einu sinni á vetni og reynt yrði að mæta þeirri þörf sem er hverju sinni.

4 Menningarmiðstöð

4.1 Bókasafn

Bókasafn félagsins var sem fyrr opið á mánudögum og fimmtudögum kl. 20–23. Einnig sinni framkvæmdastjóri þeim gestum sem óskuðu útlána síðdegis alla virka daga kl. 10–16. Opið var á síðdegis á laugardögum yfir vetrarmánuðina en sá opnunartími lagðist af í byrjun janúar 2009 sökum lítillar aðsóknar og skorts á sjálfbodaliðum. Haustið 2008 var tekin upp sú nýbreytni að hafa safnið opið á sunnudagskvöldum til útlána fyrir ungliða sem þá hittast í félagsmiðstöðinni. Alls voru opnunartímar í viku því lengstum 40 í viku árið 2008. Safnkosturinn er allur skráður á gagnagrunninn Gegni og aðgengilegur á Netinu. Þá er allur tímaritakostur safnsins nú skráður á Gegni. Alls tóku níu félagar vaktir í sjálfbodavinnu en yfirumsjón með skráningu og samskiptum við Landskerfi bókasafna hafði Jón Sævar Baldvinsson bókasafnsfræðingur. Þá sjá sjálfbodaliðar safnsins alfarið um að viðhalda útklippasafni félagsins. Vinnuframlag sjálfbodaliða í safnavinnu á liðnu ári nam

alls um 2.7 verkmanuðum ef frá er talin þjónusta við gesti síðdegis virka daga.

Heildareign safnsins var á áramótum 4626 gögn. Eignir bókasafnsins umfram afskriftir jukust um 248 gögn; bóka- og tímaritakostur jókst um 188 útla (165 árið 2007), en mynddiskum fjölgaði um 60 titla (41 árið 2007). Tíu tímarit bæst safninu ókeypis en þrjú í innkaupum. Nemendur sækja sem fyrr aðstoð til safnsins við itgerðaskrif, en flestum framhalds skóla nemendum er vísað á greinasafn á vefsíðu félagsins. Háskólastúdentar og fræðafólk nýta hins vegar safnið í tengslum við nám í hinsegin fræðum, hjúkrunarfræðum, félagsráðgjöf, kennslufræðum og fleiri greinum í ýmsum háskólum landsins, enda geymir safnið margt rita sem ekki er annars staðar að finna hér á landi.

Heildarútlán safnsins námu 1026 titlum og nemur samdráttur útlána 9.3% frá fyrra ári (4.4% samdráttur árið 2007). Bækur voru 37% af útlánnum og kvikmyndaefni 63% (31% og 69% árið 2007). Til ársins 2005 var útlánaaukning um 3–7% milli ára en síðan höfum við horft upp á samdrátt sem liggur um eða yfir 10% árlega. Samdráttuinn var nokkuð í takt við það sem birtist á íslenskum bókasöfnum allt frá árinu 2003 og talið er tengjast því að almenningsbókasöfn eiga erfiðara uppdráttar þegar þensla er í hagkerfi og kaupgeta mikil og einnig má ætla að möguleikar á að sækja myndefni á Netid og erlendar sjónvarpsstöðvar hafi veruleg áhrif á okkar safn. Ekki er ólíklegt að hagsveiflur í þjóðfélaginu eigi eftir að snúa þessari þróun í okkar safni á næstu misserum, en í von um að sjá aukningu útlána er fátt annað til ráða en að efla innkaup og kynna safnkostinn í meira mæli en get er. Hins vegar er það talinn óvenju góður árangur í rekstri bókasafna með sérhæft efni að árleg útlán skuli nema 20–25% af heldar safn kostinum.

Á síðustu átum hefur verið unnið skipulega að innkaupum, reynt er að geta jafnvægis í kaupum á myndefni fyrir konur og karla þó að úrvalið á markaði sé margfalt meira af efni sem talið er höfða til karla. Hlutfall kvikmynda í safnkostinum er sem fyrr um 60% karlar og 40% konur hvað skráða tilhöfðun varðar í leitarorðum. Þá er árlega unnið að því að þetta ákveðna efnisflokka hvað fræðirit varðar.

4.2 Félagsmiðstöð

Opið hús í félagsmiðstöð var hvert mánudags- og fimmtudagskvöld. Eins var opið á laugardagskvöldum frá hausti til áramóta. Hætt var við fasta opnun á laugardagskvöldsopnun, enda bættist í flórana nýr skemmtistaður fyrir samkynhneigða í upphafi árs og því

ekki talið nauðsynlegt að hafa opið lengur á laugardagskvöldum.

Fjöldi heimsóknna í félagsmönnum



Fjöldi gesta á opnu húsi var um 2.700 eða um 222 að meðaltali í mánuði. Það er svipaður fjöldi og frá fyrra ári. Aðsókn að auglýstum viðburðum á Opnu húsi svo sem opnun listsýninga, á fræðslufyrirlestra og hljómleika hefur hins vegar yfirlétt verið afar góð og fer síst minnkandi. Gestakoma á öðrum tímum hefur hinsvegar dregist meira saman hverju sem þar er um að kenna. Nýting á húsnæði er þó alltaf jöfn árið um kring, meðal annars vegna hópstarfs, funda og annarrar þjónustu. Fjölmargir starfshópar hafa einnig nýtt sér aðstöðu

Samtakkanna '78 og nægir þar að nefna ungliðahreyfinguna sem stóðu fyrir opnu húsi sérhve

rn sunnudag og Q – félag hinsegin stúdenta sem komu aftur heim og halda nú flesta viðburði sína í húsakynnum Samtakanna '78.

4.2.1 Málstofur og fundir

Samtökin '78 hafa löngum lagt áherslu á fræðslu og fyrirlestra í tengslum við hagsmuna- og réttindabaráttu hinsegin fólks. Á meðal þess sem búið var upp á á síðasta ári var fundur um bleika efnahagsvæðið þar sem sjónum var beint að samstarfi og samvinnu

samkynhneigðna og samtaka þeirra við fyrirtæki, hinu svonefnda „bleika efnahagsvæði“.

Sandi Dubowski heimsótti Samtökin '78 og fjallaði um kvikmyndirnar Heilagt ástarstríð og Trembling before G-d á umræðufundi í Regnbogasál Samtakanna '78. Áhugaverðar umræður áttu sér stað um samkynhneigða múslíma og togstreitu trúar og kynhneigðar. Fundurinn fór fram í Regnbogasál Samtakanna '78 og var hluti af Hinsegin biódögum sem þá stóðu yfir. Sandi Dubowski er framleiðandi kvikmyndarinnar Heilagt ástarstríð og leikstjóri heimildamyndarinnar Skjálfaði andspænis G.

Dr. Sólveig Anna Bóasdóttir kynnti félagsmönnum bók sína "Ást, kynlíf og hjónaband" á nóvemberfundi FAS í Regnbogasál Samtakanna '78. Þótti kynningin takast vel, enda um að ræða afar áhugavert rit hvar ástum, kynlíf og hjónaböndum homma og lesbía eru gerð góð skil.

Trans-Ísland bauð félagsmönnum Samtakanna '78 upp á fyrirlestur í tilefni af alþjóðlegum minningardegi transgendurs fólks, 20. nóvember. Sérstakur gestur og fyrirlesari var baráttukonan Sass Rogando Sasot frá Filippseyjum sem reifaði reynslu sína af réttindabaráttu transkvenna á Filippseyjum. Áður en fyrirlesturinn hófst minnstust fundargestir látins transfólks í

heiminum.

Þá var haldið árlegt jólabókkakvöld þar sem höfundar komu og lásu upp

úr verkum sínum. Fram komu þrjú ljóðskáld og lásu úr nýjum ljóðabókum sínum, þau Kristín Ómarsdóttir, Heimir Már Pétursson og Ingunn Snædal. Margrét Pála Ólafsdóttir og Hörður Torfason lásu úr æviminningum sínum. Þorvaktur Kristínsson las úr ævisögu Lárusar Pálssonar sem hann ritaði sjálfur og Sólveig Anna Bóasdóttir las kafla úr nýju ritgerðasafni sínu sem einkum fjallar um samkynhneigða og mannréttindi þeirra. Það er óvenjulegt og skemmtilegt tilviljun, að aldrei hefur verið efnt til Jólabókkakvölds á vettvangi Samtakanna '78 þar sem hópur skálda og höfunda hefur verið jafn nátengdur sögu og hreyfingu homma

og lesbía og þau sem hér stytta okkur stundir með lestri sínum.

4.2.2 Listsýningar

Haldnar voru tvær listasýningar í Regnbogasalnum. Karla Dögg Karlsdóttir hélt opnaði ljósmyndasýningu í Regnbogasalnum s.l. vor. Myndirnar voru teknar í hennar fyrstu ferð til Berlínar sumarið 2007. Haldin var sögusýning á Draggkeppni Ísland frá 1997 til 2008. Á sýningunni voru ótal ljósmyndir og videomyndefni auk kjóla/búninga og annarra leikmuna úr Draggkeppni Íslands. Ennfremur var hægt að skoða bláðumfjöllun um keppnina. Boðið var upp á léttar veitingar við opnun sýningarinnar.

4.2.3 Opni Samtakadagurinn

Opni Samtakadagurinn var haldinn 4. október en hann var fyrst haldinn 29. september 2007. Með honum vildi stjórnin kynna þá margvíslegu þjónustu og starfsemi sem Samtökin '78 bjóða upp á, auk hinna fjölmörgu starfshópa og félaga sem starfa á vettvangi hinsegin fólks á Íslandi. Mörgum kemur á óvart hversu fjölbreytt starfið er og vildi stjórnin með þessum hætti opna félagsheimilið fyrir gestum og gangandi og bjóða upp á áhugaverða dagskrá og kynningar.

Um 23 manns mættu í Regnbogasalinn þennan dag en á mismunandi tímum svo að dagskráin varð ekki eins formleg og stefnt var að. Engu að síður sköpuðust ágætis umræður um starfsemi Samtakanna '78 og margar góðar ábendingar komu fram um það sem betur mætti fara í félagsstarfinu. Fyrir þessar ábendingar eru stjórn og framkvæmdastjóri þakklát.

Auglýst dagskrá fundarins var með eftirfarandi hætti

Ávarp formanns, framkvæmdastjóri kynnir nýjar áherslur í starfsemi Samtakanna '78., skemmtiatriði. Kaffi, bakkelsi og almennt spjall.

Félagþing þar sem að félagsmönnum gefst kostur á að leggja fram spurningar fyrir stjórn Samtakanna '78 eða koma með tillögur og ábendingar um það sem betur mætti fara í starfsemi félagsins. Guðjón R. Jónasson mun stýra umræðum þingsins.

4.2.4 Tónlist

Fjölbreytt tónlistardagskrá var á boðstólum í Regnbogasal og var mæting á þá viðburði sérlega góð. Andrea Jónsdóttir skemmti gestum á opnu laugardagskvöldi í október. Thomas Hannay, ungur trúbador frá Manchester, tróð upp í Regnbogasal í

nóvember og sjarmeraði alla viðstadda upp úr skónum með góðri tónlist og spjalli við gesti. Höfður Torfason söngvaskáld með meiru leit einnig við í nóvember og skemmti gestum opins húss. Góð stemning var í Regnbogasal og einnig gaman að hlýða á tónlist Harðar og það leikhús sem hann býður ávallt upp á samhliða. Andrea Gylfadóttir og Eðvarð Lárusson tróðu upp á árlegum jólatónleikum í desember. Sökum orrahlíðar útivíð létu færi sjá sig en ella hefði mátt búast við, enda hafa þau Andrea og Eðvarð ávallt fyllt húsið þegar þau koma fram. Þeir sem mættu voru hins vegar hvergi sviknir, enda verða Andrea og Eðvarð betri með hverju árinu eins og gott vískí.

4.3 Aðrir viðburðir á vettvangi félagsins

4.3.1 Afmælishátíð 27. júní

Þann 27. júní buðu Samtökin '78 til hátíðardagskrár í Hafnarhúsinu í tilefni 30 ára afmælis félagsins. Ennfremur var því fagnað að ný lög heimilidu forstöðumönnum trúfélaga að staðfesta samvist samkynhneigða para.

Fram komu tónlistarfólkið Rasmus Rasmussen og líggjan Ólsen frá Færeyjum en þeir eru á meðal vinsælustu tónlistarmanna þar í landi. Einnig tróðu upp Friðrik Ómar, Eva María, Dj Glimmer, Haffi Haf og DJ Manny – hinsegin kokteill eins og hann gerist bestur! Boðið var upp á fallega bleika fordrykki í tilefni dagsins.



Mannréttindavæðing Samtakanna '78. Bjarni Karlsson, Hope Knútsón, Böðvar Björnsson og Hrafnkell T. Stefánsson

Mannréttindaviðurkenning Samtakanna '78 var afhent og hlutu Böðvar Björnsson, séra Bjarni Karlsson og Síðmennt viðurkenningu fyrir störf í þágu samkynhneigða á Íslandi (sjá kafla 7.3). Kynnar voru Árni Pétur Guðjónsson og Árnadóttir.

4.4 Fjáröflunardansleikir

Samtökin '78 stóðu fyrir sjö dansleikjum á árinu, ýmist einir eða í samstarfi við aðra. Þessir dansleikir fóru fram á Cafe 22, Cafe Victor, Tunglinu, í Iðnó, Hverfisbarnum, Club 101 og á Bar Barbara. Ballið á Cafe 22 í september var samstarfsverkefni við GayIce og St. Styrmi. Aðsókn var nokkuð undir væntingum og ljóst að slíkt ball verður tæplega endurtekið nema með breyttum áherslum. Í október var haldið ball á Cafe Victor með Andreu Jónsdóttur við hljómflytningu-græjumnar. Skemmst er frá því að segja að á þessu balli fór flest allt úrskaiðis semt hægt var. Þegar nýuppsett hljóðkerfi staðarins hrundi eftir hálf tíma spilun varð ljóst að ballið næði engu flugi. Engu að síður mættu um 200 manns á ballið.

Í nóvember var boðið upp á Halloween ball á efri hæð Tunglsins. Húsfyllir var á hrekkjavökunni og gerðu gestir góðan róm af kvöldinu. Í desember voru tveir dansleikir. Jólball var haldið í Iðnó þar sem að Friðrik Ómar trúð upp ásamt Reginu Óskarsdóttur. Ballið tókst ágætlega en samt er ljóst að Iðnó hentar ekki vel til dansleikja og er dýr kostur.

Áramótadansleikur Samtakanna '78 fór fram á Hverfisbarnum og var fullt út úr dyrum. Í febrúar 2009 stóðu ungliðamir fyrir fjáröflun og skemmtun á Club 101. Í framhaldi af skemmtun ungliðanna var slegið upp Valentínusarballi með stefnumótaleikjum og fleiri skemmtunum. Aðsókn á ballið var viðunandi, sérstaklega ef tekið er tillit til árstíma og efnahagsástandsins. Síðasta ball starfsársins var svo Hálofagledi - strákaball á Bar Barbara sem Samtökin '78 stóðu fyrir í samvinnu með St. Styrmi. Þótti ballið ganga mjög vel, enda haldið á nýjum og glæsilegum skemmtistað fyrir samkynhneigða. Önnur hinsegin böll voru haldin á vegum Hinsegin bíódaga og Hinsegin daga í Reykjavík.

4.4.1 Jólalbingó

Fyrir utan dansleiki var langfjölmennasti viðburðurinn hið árlega Jólalbingó fólgsins sem að þessu sinni var haldið í Iðnó. Um 200 bingóspikarar mættu til leiks en bingóstjórn var í önggum höndum Jóns Þórs Þorliefssonar og Söru Daggar Jónsdóttur. Fjölmörg fyrirtæki gáfu vinninga og hefur heildarverðmæti þeirra aldrei verið meiri eða um það bil kr. 1.250.000. Á meðal vinninga voru flugmiðar með Iceland Express á einhvern áfangastaða þeirra, fjölmörg líkamsræktarkort frá Heilsuakadémiunni, Dekurdagar á Hótel Búðum og á Hótel Reykjahlið sem og fjölmargir aðrir glæsilegir vinningar.



Frá Jólalbingó Samtakanna '78 í Iðnó

4.4.2 Jólaltrésskemmtun

Annar velheppnaður viðburður var jólaltrésskemmtun Samtakanna 78. Ballið var haldið í safnaðarheimili Laugarneskirkju og var mikið fjör á svæðnu. Felix og Gunnir mættu í heimsókn og að sjálfsgöðu einnig nokkrir hressir jólasveinar. Hér er vorandi kominn fastur liður í starfsemi Samtakanna '78, enda er þetta tilvalið tækifæri til að koma saman, hitta önnur börn og spjalla saman í góðra vina hópi.

4.4.3 Jólalmarkaður

Í desembermánuði stóðu Samtökin fyrir jólalmarkaði og jólaltréssölu í húskynnum sínum og portinu á bak við félagsheimilið. Hægt var að fá ýmsan jólavarning á sanngjörnu verði auk þess sem heitt kakó og meðlæti var á boðstólum. Með jólaltréssöluinni gæft félagsmönnum og velunnurum þeirra kærkomið tækifæri til þess að fá fállegt jólaltré á sanngjörnu verði og um leið leggja góðu málefni lið.



Jólaltréssala í portinu bakvið Samtökin '78

4.4.4 Viðburðir á vegum Ungliðahópsins

Starf Ungliðahópsins er fjölbreytt og metnaðarfullt að vanda og allt sem fram fer á vettvangi hópsins er

áfengis- og vímuefnalaust. Hópurinn samanstendur af samkynhneigðum, tvíkynhneigðum og trans ungmönnum sem flest eru á aldrinum 14-20 ára. Meðal þess sem hópurinn stóð fyrir á starfsárinu twister mót, sem er ótrúlega vinsælt og skemmtileg upplifun að verða vitni að náttfataparty, perló, hópurinn fór á leiksýninguna „Ástin er diskó og lífið er pönk“ og skreytti piparkökur svo eitthvað sé nefnt. Hópurinn fær til sín á hverju ári fyrirlesara og meðal þeirra sem komu í heimsókn voru fyrirlesarar frá Ástráði og Transfélaginu. Þá leigði hópurinn Sundhöll Reykjavíkur og hélt bráðskemmtilega sunnlaugaskemmtun enda ekkert sem toppar það að dansa við „Ég er eins og ég er“ í sundi.

Í sumar fór hópurinn í ævintýrlega útilegu, en í henni var farið í sund, fjallgönguferð (var bara lítill hóll en hópurinn var samt mjög stoltur), grillað og um kvöldið var spilað varúlfaspil. Einnig var mjög skemmtilegt að setjast hring í kringum Regnbogafánann og votta honum virðingu okkar, auk þess að komast að því fyrir hvað hann stendur. Hópurinn tók þátt í afmælishátíð samtakanna 78 og sá Skjöldur Eyfjörð um að skreyta hópinn.



Ungliðar í útilegu

Ungliðunum var boðið að fara í sumarbúðir til Þýskalands sem haldnar eru á vegum Lambda, þýsku ungliða hreyfingarinnar. Alls fóru 6 krakkar frá Reykjavík og 5 frá Akureyri og er þetta annað árið sem Ísland tekur þátt. Það er ekki hægt að lýsa hvernig það er þarna því engin orð eru nógu sterk til að geta lýst stemmingunni sem skapast! Um 60 krakkar frá 5 löndum sem eiga bara það sameiginlegt að þora að vera þau sjálf.

Hópurinn tók að sjálfsögðu þátt í Gay Pride en í fyrsta skipti var fenginn bíll undir hópinn og reyndist það rosalega vel, þó svo að upp komst þegar átti að setja hátalarana á bílinn að hann væri of stór fyrir Laugarveg

fullann af fólki. Minni bíl var reddað á „no time“ og skipt um skreytingar eins og ekkert væri með frábæri samvinnu allra ungliðanna og tókst hópnum að hafa eitt „flottasta“ atriðið. Vill hópurinn nota tækifærið og þakka Já veiktökum og bílsjóranum þeirra ásamt ungliðanum Jóni Inga fyrir sinn hlut hann alveg „totally“ reddaði Gay Pride!!! Síðan sérstakar þakkar til Katrínar fræðslustjóra/göngustjóra og ég veit ekki hvað. Takk þú ert alveg frábær.

Í vetur er stefnt á að gera ótrúlega margt.

Ætlinin er að fara í lasef tag, leigja affur Sundhöll Reykjavíkur, fara í leikhús, halda annað náttfataparty og hafa opið kvöld til að gera öllum kleyft að kynna hópnum. Stefnt er á að fá HIV-Ísland til þess að koma í heimsókn og halda fyrirlestur fyrir ungliðahópinn og helst einhverja fleiri skemmtilega! Hver vill koma og fræða hópinn um eitthvað skemmtilegt? Einnig var tekið þátt í kynningu á starfi ungs fólks í félagsamtökum á ársfundi ASÍ. Margt fleira mætti nefna.

Þá hétt hópurinn Styrktarkvöld á 101 sem tókst ákaflega vel. Þangað var boðið næstum „öllum“ þar af foreldrum, stjórnmalamönnum, meðlimum í stjórn Samtakanna '78, fleirum. Á styrktarkvöldinu var flutt leikrit, tískusýning og fleiri skemmtiatriði, fræðsla og skemmtun allt í einu. Í hléi sekki hópurinn kökur og rosir til fjárfunar fyrir hópinn.

4.4.5 Viðurðir á vegum Trans-Ísland

Á fyrra starfsári, var aðstandendum transfólks boðið sérstaklega að kom þar sem þekktur sálfræðingur hélt erindi á fundinum. Voru fundargestir sérstaklega ánægðir með þann fund og óskuðu eftir fleiri slíkum fundum. Þeir hafa þó ekki verið haldnir.

Fyrir transfólk var RIFF kvikmyndahátíðin síðastliðið haust, sérstaklega eftirminnileg vegna Gwen Haworth og kvikmynda hennar "Hún Er Strákur Sem Ég Þekkti". Þama er á ferðinni ein af bestu heimildarmyndum heims þar sem transkona segir frá lífi sínu og fjölskyldu sinnar. Mörg okkar náðu að kynna henni persónulega.

Á vegum Nemendafélags Háskóla Íslands var haldið málþing um kvikmyndina "Ótrúlegi Sannleikurinn um Raquela Drottningu". Leggur kvikmyndin mikla áherslu á vandi transfólks í Filípseyjum. Poppoli, framleiðandi kvikmyndaþinnar bauð Sass Rogando Sasot til Íslands. Sass er baráttukona fyrir mannréttindum transkvenna á

Filipseyjum og hafði í upphafi gagnrýnt kvikmyndina mjög, sem varð til að mikið var lagfært í kvikmyndinni.

Míningardagur transfélks var haldinn 20. nóvember 2008 og var þar haldin stutt minningarstund, þar sem sérstaklega var minnst ungs fólks sem hafði verið myrt. Sérstaklega var vakin athygli á að miðað við Bandarískan almenning er transfólk í Bandaríkjunum 10 sinnum líklegri til að verða myrt. Í framhaldi af minningarstundinni hélt Sass kynningu á aðstæðum transfélks í Filipseyjum. Var mikið um spurningar og allt tekið upp á videó. Enn er verið að vinna úr þessu efni.

Ljóst er að þungamiðja starfsemi Trans Íslands er í húsnæði Samtakanna 78. Margar tilraunir hafa verið gerðar til að koma saman utan Samtakanna eins og t.d. á opnum fyrirlestrum um málefni sem snerta transfólk, og á kvikmyndasýningum.

Mætingin félagi TÍ á slíkt hefur verið sáralítill, þó oft sé um að ræða atburði sem eru ókeypis eða mjög ódýrir og öllum heimill aðgangur. Félagið hefur keypt lénin transis og transicelandorg og er verið að setja upp frjálst og ókeypis vefkerfi undir vefi félagsins. Gert er ráð fyrir að vefurinn verði á nokkrum tungumálum.

5 Útgáfa

5.1 Fréttabréf

Fréttabréf félagsins kom 2 sinnum út á starfsáinu. Frosti Jónsson ritstýrði því og annaðst uppsetningu og sérstök ritnefnd efnisöflun og skrif. Þau sem skrifuðu í fréttabréfið voru Frosti Jónsson, Guðjón Jónsson, Hilmar Magnússon, Hrafnkell T. Stefánsson, Katrín Jónsdóttir, Brynjar Smári Hermannsson, Guðrún Rögnvaldardóttir, Elísa Björk Örylgsdóttir, Anna Jonna Ármannsdóttir og Guðbjörg Óttarsdóttir



Fréttabréfið er gefið út í 2.000 eintökum og er því dreift til félagsfólks, á bókasöfn á landinu öllu, til alþingismanna og borgarfulltrúa, til þjónustumiðstöðva hjá Reykjavíkurborg og á kaffihús.. Ásamt vefsíðu er fréttabréfið ein helsta rödd félagsins út á við. Í því er lögð áhersla á að fjalla um málefni sem tengjast mannréttindum hinsegin fólks, bæði á alvarlegum og léttum nótum, með viðtölum,

fræðigreinum, fróðleik, afþreyingu og skemmtiefni. Sérstök áhersla er lögð á að koma á framfæri upplýsingum um þá mörgu starfshópa sem starfa undir regnlíf hinsegin fólks á Íslandi.

Fréttabréfið er gefið út í 2.000 eintökum og er því dreift til félagsfólks, á bókasöfn á landinu öllu, til alþingismanna og borgarfulltrúa, til þjónustumiðstöðva hjá Reykjavíkurborg og á kaffihús.. Ásamt vefsíðu er fréttabréfið ein helsta rödd félagsins út á við. Í því er lögð áhersla á að fjalla um málefni sem tengjast mannréttindum hinsegin fólks, bæði á alvarlegum og léttum nótum, með viðtölum,

5.2 Vefsíða

Fyrsta vefsíða félagsins fór í loftið árið 1997 en hún hefur verið aðgengileg á núverandi slóð í núm átta ár. Á starfsárinu hefur mikil vinna verið lögð í nýja vefsíðu fyrir félagið og mun hún líta dagsins ljós í mars 2009. Við gerð síðunnar hefur sérstök áhersla verið lögð á að síðan uppfylli þarfir notenda og þeirra sem leita eftir upplýsingum og þjónustu á vettvangi félagsins. Meðal nýjunga á nýjum vef er bætt aðgengi að útgefnu efni svo sem fréttabréfi, bæklingum og ársskýrslum, efni greina og pistla eru rakin saman fyrir notendur sem auðveldar þeim að finna greinar sem fjalla um skyld efni, auk þess sem nýir möguleikar gera notendum kleyft að leita svara við fjölmörgum spurningum eftir efnisflokkum.



5.3 Afmælisrit

Í tilefni af þrjátíu ára afmælisári félagsins var gefið út veglegt afmælisrit. Þóra Kristín Ásgeirsdóttir tók að sér ritstjórn og greinaskrif en aðrir sem eiga efni í blaðinu eru þau Árni Heimir Ingólfsson, Böövar Björnsson, Guðjón R. Jónsson, Hilmar Magnússon, Ragnhildur Sverrisdóttir og Veturlíði Guðnason. Halla Kristín Einarisdóttir myndskreytti og Bára Kristinsdóttir sá um ljósmyndun. Uppistaða ritisins er að megninu til vandaðar sögulegar greinar þar sem rýnt er í fortíðina út frá mismunandi sjónahornum. Forsíðumyndin gefur tóninn en á henni sitja fyrir allir formenn félagsins frá upphafi. Tímantið er ríkulega myndskreytt með efni úr skjalasafni Samtakanna '78, Ljósmyndasafni Reykjavíkur og einkasöfnum. Til þess að gera ritið sem hátíðlegast var valin sú leið að leita ekki eftir auglýsendum heldur gefa fyrirtækjum og stofnunum kost á að styrkja framtakið með lögum á einni síðu og styrktu yfir fjörutíu aðilar ritið með þeim hætti. Menningarsjóður Glitins var helsti bakhjál útgáfunnar og styrkti hana um 500.000 kr. Vatíkanið sá um hönnun og umbrot. Afmælisritið er gefið út í 8.000 eintökum.

Fréttabréfið er gefið út í 2.000 eintökum og er því dreift til félagsfólks, á bókasöfn á landinu öllu, til alþingismanna og borgarfulltrúa, til þjónustumiðstöðva hjá Reykjavíkurborg og á kaffihús.. Ásamt vefsíðu er fréttabréfið ein helsta rödd félagsins út á við. Í því er lögð áhersla á að fjalla um málefni sem tengjast mannréttindum hinsegin fólks, bæði á alvarlegum og léttum nótum, með viðtölum,

6 Stefnumótun og innra starf

Þær samfélagsbreytingar sem hafa orðið á undanföllum 30 árum og gerbreytt félagslegri- og lagalegri stöðu homma og lesbía í íslensku samfélagi kalla á endurmat á hlutverki félagsins. Áherslur mótast af því umhverfi sem félagið starfar í og sá mikli tími sem hefur farið í að leiðrétta lagalega stöðu homma og lesbía hefur e.t.v. komið niður á starfi félagsins á öðrum sviðum og þjónustu félagsins gagnvart hinum almenna félagsmanni sem og öðru fólki sem til félagsins leitar. Því þótti stjórn tímabært að endurskoða meðal annars lög félagsins sem og stefnu þess. Nefndina skipuðu Svanfríður Anna Lárusdóttir, Hilmar Magnússon og Svavar G. Jónsson.

6.1 Lagabreytinga- og stefnuskrárnefnd

Á félagsfundum sem haldin var í Regnbogasal Samtakanna '78 þann 24. október síðastliðinn var kosið í lagabreytinga- og stefnuskrárnefnd félagsins. Var þetta í samræmi við samþykkt aðalfundar 2008 um að setja á fót slíka nefnd. Í nefndina voru einróma kjörin þau Hilmar Magnússon, Svanfríður Anna Lárusdóttir og Svavar G. Jónsson.

Lagabreytinga- og stefnuskrárnefnd var ætlað að ráðast í löngu tímabæra heildarendurskoðun á lögum Samtakanna '78, vinna drög að framtíðarstefnumótun félagsins og uppfæra fundarsköl þess. Stefnt var að því í upphafi að tillögur nefndarinnar yrðu kynntar í upphafi árs 2009. Í ályktun aðalfundar, sem nefndin hefur litið á sem erindisbréf sitt, kemur fram að meginmarkmið nefndarinnar sé að stuðla að gagnsæi og skilvirkni í starfsemi félagsins, ásamt því að tryggja lýðræðislegt fedi ákvarðana.

6.1.1 Fyrirkomulag og framvinda verksins

Nefndin hóf störf þegar í október og hefur síðan þá fundað nokkuð reglulega. Í erindisbréfi nefndarinnar kemur fram áhersla á virka þátttöku sem flestra félagsmanna. Er það skoðun nefndarmanna að slíkt fyrirkomulag sé bráðnauðsynlegt þegar móta á lagabreytingar og grunn að stefnu félags, enda öðlast félagsmenn þannig beina hlutdeild í starfinu. Þannig aukast líkurnar á því að lagabreytingar og stefnumótun eigi sér sem vöðtakastan samhljórn og skil frekar þeim umbótum og ávinningi sem stefnt er að.

6.1.2 Rýnihópar og fundir um lagabreytingar

Hvað lagabreytingatillögur áhrærir leitaði nefndin víða fanga. Litið var til laga systurfélaga á norðurlöndum, auk þess sem farið var ítarlega yfir lög og reglur ýmissa félaga innanlands. Auk þessa samanburðar voru tillögur nefndarinnar ræddar við ýmis tækifæri, m.a. á stjórnarfundum og sérstökum rýnifundum sem boðað var til með áhugasömum félagsmönnum.

Þann 14. febrúar síðastliðinn var svo boðað til kynningarfundar til að ræða starf nefndarinnar og tillögur. Fundurinn var vel sóttur og afar líflegur, enda tekið á mörgum málum sem snerta kjarnastarfsemi félagsins. Nefndin hafði fyrir fundinn sent félagsmönnum tillögur sínar og rökstuðning til kynningar en fundarmenn gátu einnig nálgast öll gögn á fundinum sjálfum. Fundurinn hófst á því að nefndarmenn fóru lið fyrir lið yfir tillögur sínar. Því næst var orðð laust og fengu þá ýmsar tillögur, hugmyndir og athugasemdir að fljúga um salinn. Þrátt fyrir að fundinum hafi ekki verið ætlað að afgreiða formlegar tillögur til aðalfundar, var engu að síður ákveðið að nefndin myndi í tillögum sínum til aðalfundar endurspeglja þann anda og þær tillögur sem klárleg samstaða varð um.

Veigamestu breytingatillögur nefndarinnar snúa að heiti félagsins og fyrirkomulagi til stjórnskipulags, en lagt er til að í stað þess að kenna sig eingöngu við homma og lesbíur kenni félagið sig framvegs við hinsegin fólk. Er þetta gert til að auka samstöðu félagsmanna um einn ákveðinn samnefnara, ásamt því að gera fólki kleyft að finna sér stað innan félagsins á eigin forsendum. Þá er lagt til að listakosning til stjórnar verði afnumin og er tilgangurinn sá helstur að opna félagið upp, gefa fleirum kost á því að bjóða sig fram til stjórnasetu og stuðla þannig að auknu lýðræði.

6.1.3 Stefnumótun sem sameiginlegt átak félagsmanna

Til að ýta stefnumótunarvinnu sinni úr vör ákvað nefndin að óska eftir því að fá að vinna að hópverkefni með stjórn og trúnaðarráði á trúnaðaráðsfundi 1. nóvember síðastliðinn. Var þetta í samræmi við áður nefndar hugmyndir um virka þátttöku félagsmanna. Hugmyndin var umsvifalaust samþykkt af stjórn félagsins, en á fundinum voru einnig kallaðir til vinnu

félagar sem vitað var að höfðu áhuga á að ræða framúðarsýn Samtakanna '78.

Þeir sem tóku þátt voru: Aldís Þorbjörg Ólafsdóttir, Anna Jonna Ármannsdóttir, Friða Agnarsdóttir, Frósti Jónsson, G. Smári Veigarson, Guðbjörg Ottósdóttir, Guðfríður Lilja Grétarsdóttir, Guðrún Rögnvaldsdóttir, Hannes Páll Pálsson, Haukur F. Hannesson, Hilmar Magnússon, Katrín Jónsdóttir, Kristín Viðarsdóttir, Lárus Ari Knútsson, Ragnar Ólason, Rakel Snoradóttir, Rúna H. Hilmarsdóttir, Svanfríður A. Lárusdóttir og Svavar Gunnar Jónsson.

Þátttakendur fengu spurningalista sendan heim og var hann í anda svokallaðrar SVÓT-greiningar. SVÓT-greining miðar að því að greina styrkleika og veikleika félaga og annarra skipulagsheilda, en kortleggur um leið þær ógnanir sem stöðja að starfseminni. Þá beinir hún kastljósinu að ónýttum tækifærum sem kunna að leynast víða í starfseminni. Á fundinum sjálfum var þátttakendum skipt í fjóra hópa sem hver um sig skilaði eigin niðurstöðum. Tvær meginspurningar voru settar fram sem útgangspunktur í hópavinnunni:

Fyrst var spurt um hvernig þátttakendur sæju Samtökin '78 fyrir sér eftir 3 - 5 ár. Hér var velt upp atriðum eins og fyrir hverja félagið ætti að vera, hver tilgangur þess væri og hvað ætti að bjóða félögunum. Þá voru þátttakendur spurðir að því hvað þeir teldu styrkleika og veikleika í starfseminni. Að endingu voru þeir spurðir um hvað þeir teldu að ógnaði félaginu og eins hvaða tækifæri væru til staðar til eflingar starfseminni.

Seinni spurningin fjallaði um viðhorf þátttakenda til stefnumótunarvinnu og hvernig þeir teldu að henni væri best fyrir komið. Spurt var um hvort þeir vildu sjá hópinn á opnum fundum, málefnaefndir, eða hvort að stjórn félagsins ætti að móta stefnuna. Þá voru þeir beðnir um að nefna aðrar hugmyndir.

6.1.4 Hvernig eiga Samtökin '78 að vera eftir 3-5 ár?

Margt forvitnilegt kom út úr hópavinnunni. Við spurningunni um fyrir hverja, hvers vegna og hvað félagið eigi að bjóða félögunum komu t.d. eftirfarandi svör:

Fyrir alla sem eru hinsegin og þá sem hafa áhuga á málefnum hinsegin fólks óháð kynhneigð, móðumáli eða lítarhætti. Staða minnihlutahópa getur breyst hratt í samfélaginu. Félagið er nauðsynlegt til að standa vörð um réttindi og viðhalda fræðslu. Miðstöð fyrir menningu, sögu og arfleidd hinsegin fólks. Opnið dýnamískt félag - ekki taka sjálft sig of hátiðlegt.

Mikilvægt að fá fleiri utanaðkomandi aðila með í starfið. Fá fólk á opinberum vettvangi til að styðja við starfið. Félagið á að vera mannréttindafélag til að standa vörð um félagsleg réttindi félagsmanna S78 á að vera staður þar sem allir geta komið inn kinnroðalaust. Sjálfstýking ungs samkynhneigðs fólks mikilvæg. Standa að fræðslu og menningarstarfsemi. Að halda úti öflugum félagsstarfi fyrir ungliða, fullorðna, foreldra o.fl. Lez jungle, Styrmir og Q félag - fá þessi félög betur inn í starfið. Nýta World Outgames til að sameina - Íþróttastarf til að höfða til nýs hóps. Fleiri áfengislausar skemmtanir. Nýta húsnæðið betur og td. Portið úti. Stofna sjóð um framúðarhúsnæði. Þjóðfélagið hefur styrkt hinsegin fólk - Hinsegin fólk styrkir þjóðfélagið. Þurfum að bjóða allskyns listamönnum í heimsókn án tillits til kynhneigðar.

6.1.4.1 Styrkleikar

Þegar spurt var um styrkleika nefndu þátttakendur eftirfarandi atriði:

Öflugur málsvari. Öflugir félagsmenn (viðburðanefndin gott dæmi). Félagið nýtur virðingar. Man nauður. Ungliðastarf. Byggir á góðum grunni. Aðal málsvari hinsegin fólks. Fræðsla. Þekking. Reynsla. Regnhlíf með mörg félög innan sinna vebanda. Ekki að berjast um athygi við önnur félög. Samstarf milli félaga styrkleiki, bæði milli Samtakanna '78 og milli annara félaga (sbr. Q og Trans). Virkt félag. Þekkt í samfélaginu og borin virðing fyrir. Aðstaðan, húsnæði, bókasafnið. Athvarf fyrir önnur félög, mikilvægt að hafa aðstöðu til að bjóða, eflir samtöðu. Fjölbreyttni í starfinu, fólk leitar til félagsins með mörg mál. Tengsl úti samfélagið fjölbreytt. Sterkt í þjóðfélaginu. Vefsíðan. Bókasafnið

6.1.4.2 Veikleikar

Um veikleikana höfðu þátttakendur þetta að segja:

Hópar sem ekki vinna saman á vettvangi Samtakanna '78. Virðingarleysi gagnvart eigin þekkingu. Of lokað - of hátiðlegt. Fjöldi félaga. Samstarf við grasrótina - virkar ekki sem regnhlífsamtök. Margir sem finnast þeir ekkert hafa til félagsins að sækja. Fjárhagslegt sjálfstæði takmarkað, of háð opinberum styrkjum. Ekki kúl að vera í félaginu? - Vantar tengsl milli aldurshópa sbr. ungliðar og Q. Félagsmiðstöð bara fyrir eldra fólk. Vantar eitthvað fyrir 18-35 hópinn. Vantar flæði í starfseminni, sbr. hvert fara þeir sem vaxa uppúr ungliðastarfinu. Vantar að kynna möguleika betur. Hópar of einangraðir. Fólk þeir ekki inni húsið. Húsið ekki nógu aðhaldandi/stofnanabagur. Vantar að auka fræðslu inn á við (innra starf). Þarf að ná betur til fólks

og fólk þarf að ná betur til S78. Vefsíðan. Tengslin við landsbyggðina. Sinnum ekki landsbyggðinni. Ekki ljóst hver “við” erum (sbr. réttindi transgender fólks ekki trygg). Réttindi allra ekki trygg (sbr. transgender fólks).

6.1.4.3 Ógnanir

Hópanir töldu eftirfarandi atriði helstu ógnanirnar í starfsemi félagsins:

Kreppa - samdráttur í fjármögnun. Efnahagsástand ógnun við félagslega stöðu hinsegin fólks. Aukin hætta á neikvæðum umræðum og fordómum. Aðgangur að fjármagni. Viðhorfið „að það sé búið að ná öllum markmiðum“. Viðhorf almennings. Viðhorf hinsegin fólks – að hakka að allt sé komið. Gleyma sérstöðu okkar. Fordómar milli hópa hinsegin fólks. Félagsglegur styrkleiki ungs samkynhneigðs fólks. Kynlífsmæða. Veik sjálfsmynd samkynhneigðra.

6.1.4.4 Tækifæri

Þátttakendur töldu tækifæri felast í eftirfarandi atriðum:

Tækifæri fylgið í „kreppunni“. Nýta krafta fólks sem hefur aukinn tíma vegna kreppunnar. Efla umferð fólks í félagsmiðstöðina. Opna húsið fyrir hæfileikaríkt fólk úr þjóðfélaginu. Efla samstarf milli hópa og ná betur til hagsmunafélaga. Ná til fleiri og þeirra sem ekki eru í félaginu. Tækifæri að ná betur inn í skólakerfið með fræðslu. Miðla af sérþekkingu okkar á breiðum vettvangi. Að ná betur til ungmenna og breyta viðhorfum. Sterkara starf á landsbyggðinni. Blandaðar skemmtanir tækifæri til að ná til nýrra félaga. Samgangur milli hópa (hópar eru ekki einangraðir eins og í stærri borgarsamfélögum). Aþjódasamstarf, tækifæri til að læra og miðla. Höfum mikið fram að færa og getum kennt öðrum. Nægur markaður fyrir mannréttindi. Að hægt sé að ganga að ýmsum hlutum sem sjálfsögðum sbr. lagalega stöðu. Sinna félagslegum þörfum fólks þegar kreppir að efnahagslega. Fjölbreyttni í starfsemi sbr. viðburðir. Tími fólks. Styrkja sjálfsmynd fólks.

6.1.5 Niðurstöður

Hópunum vannst ekki tími til að svara spurningunni um hvernig best væri að haga stefnumótunarvinnu. Nefndarmenn í lagabreytinga- og stefnuskrárefnd hvöttu því fólk, bæði þá sem voru á fundinum, sem og aðra, til þess að senda inn tillögur og ábendingar. Engar slíkar höfðu borist við áttun þessarar greinar.

Nefndin ákvað að nota ofangeindar hugmyndir og ábendingar til grundvallar við uppsetningu á stefnumótun fyrir Samtökin '78. Hér skal þó áréttað að það plagg sem liggur fyrir aðalfundi 2009 eru einungis lagt fram sem drög að stefnumótun, en alls ekki sem fullmótuð stefna félagsins. Nefndin telur að vinna við stefnumótun félaga eigi að vera víðtækt og síkvítt ferli, þannig að ávallt megi tryggja bæði nauðsynlega og eðlilega endurskoðun í starfinu ásamt því að sem flestir komi að henni. Nefndin lítur á fyrirliggjandi drög sem ágætis byrjunarreit og vonast ennfremur til þess að í framhaldi af samþykkt þeirra fari í gang gróskumikið starf innan félagsins sem leiði til samþykktar nýrrar og skýrrar framtíðarstefnu þess strax á aðalfundi 2010.

Nefndarmenn eru sammála um að felið við gerð lagabreytingatillagna, uppfærslu á fundarsköpum og vinnu við drög að stefnumótun hafi verið gefandi og skemmtilegt. Þá eru þeir sammála um að breytingar þær sem lagðar eru til verði félaginu til heilla. Það er því með mikilli ánægju sem nefndin leggur tillögur sínar í dóm félagsmanna á aðalfundi 2009.

7 Lögjög, mannréttindi og alþjóðasarf

7.1 Hjúskaparlögjögfin

Lög 1996 um staðfesta samvist voru á sínum tíma stórkostlegt skref í þá átt að bæta réttarstöðu samkynhneigðra en þau voru því miður ekki án takmarkana. Lögin sem tóku gildi árið 2006 eyddu hinsvegar að mestu lagalegri mismunun gagnvart samkynhneigðum þróum í staðfestri samvist en eftir stóð m.a. réttur forstöðumanna trúfélaga til að staðfesta samvist. Lögin sem tóku gildi í júní á síðasta ári voru enn eitt skrefið í að afnema með öllu lagalega mismununum gagnvart samkynhneigðum þróum. Með lagabreytingunni öðluðust samkynhneigð þör val um stofnun staðfestrar samvistar hjá trúfélögum eða borgaralegum vögslumönnum. Eftir stendur sú staðreynd að hér á landi eru í gildi tvær lagabálkar varðandi hjúskap, annarsvegar lög um hjúskap karls og konu og svo lögjögfin um staðfesta samvist. Þar sem enginn munur er á réttarstöðu gagnkynhneigðra hjóna og samkynhneigðra para í staðfestri samvist er ekkert sem réttlætir það að hjúskaparstofnun grundvallist á tveimur lagabálkum.

Með því að ætla öllum þegnum ein hjúskaparlög án tillits til kynhneigðar myndi íslensk lögjögfin fylgja fordæmi þeirra þjóða sem lengst hafa náð í starfi sínu að mannréttindum til handa samkynhneigðum. Sex ríki veraldar auk tveggja fylkja Bandaríkjanna hafa nú ein hjúskaparlög óháð kynhneigð. Þetta eru Belgía, Holland, Kanada, Suður Afríka, Norregur og Spánn auk Massachusetts og Iowa í Bandaríkjunum. Í hjúskaparlögum Kanada og Spánnar er enginn greinarmunur gerður á réttindum samkynhneigðra para en í hjúskaparlögum hinna ríkjanna er einungis gerður greinarmunur hvað varðar búsetu og ríkisfang.

Við fyrirhugaða endurskoðun stjórnarskrárinnar þarf þá má koma inn á þá kröfu að við endurskoðun stjórnarskrár á væntanlegu stjórnlagaþingi verði mismunun v/kynhneigðar með öllu óheimil (en ekki að öðru leiti eins og það er orðað núna)

7.2 Réttarstaða transgender fólks

Réttarstaða og félagsleg staða transgender fólks á Íslandi er ennþá afar veik og óljós. Á Íslandi eru engin sérstök lög í gildi um málefni transgender fólks líkt og í

mörgum nágrannalanda okkar og margar hindranir sem standa í vegi fyrir lagalegri viðurkenningu og lækisfræðilegri meðferð. Það er brýnt að bæta stöðu transgender fólks í þjóðfélaginu en fjölmargar hindranir standa í vegi fyrir því að það fái notið sín sem fullgildir þjóðfélagsþegar. Til dæmis geta þeir einstaklingar sem vilja lífa í nýju kynhlutverki ekki fengið nafni sínu breytt nema að hafa gengist undir aðgerð til leiðréttingar á kyni en aðeins hluti transgender einstaklinga gengst undir slíka aðgerð. Augljósir annmarkar fylgja því að lífa í öðru kynhlutverki en kemur fram í persónuskilríkjum svo sem þegar ferðast er til útlanda eða ef framvísa þarf persónuskilríkjum við önnur tilefni. Ýmsir sem hafa skoðað þessi mál frá sjónarmiði mannréttindamála hafa bent á að breyting á kyni snerir fríðhelgi einkalífs og ekki sé hægt að meina fólki að breyta útliti, auðkenni eða kyni.

Þegar kemur að málefnum transgender fólks innan heilbrigðisgeirans og lækisfræðilegri meðferð er margt óljóst. Vinnuhópur lækna sem á að sjá um málefni transgender fólks hefur sem dæmi enga lagaheimild eða umboð til að fara með mál þessa hóps og á einungis að vera ráðgefandi fyrir Landlækisembættið þegar taka á ákvarðanir er varða transgender einstaklinga.

Í misserisskýrslu sem unnin var af nemendum við Háskólann á Bifröst, en þar voru málefni transgender fólks á Íslandi skoðuð sérstaklega, kemur fram að nefnd þeirri sem ætlað er að vera ráðgefandi í málefnum transgender fólks „tekur sér það vald að ákvarða hvort einstaklingur sem óskar eftir meðferð til breytingar á kyni er hæfur eða ekki“. Með öðrum orðum er nefndin sem í upphafi var ætlað að vera til ráðgjafar orðin nokkurskonar úrskurðaraðili í málefnum transgender fólks. Þróunin hafi því orðið sú að „verklagsreglur þeirra eru orðnar ólögfestar reglur sem þeir einstaklingar sem eiga við kynáttunarvanda að stríða telja sig knúna til að fara eftir.“

Nauðsynlegt er að taka af allan vafa um það hver skuli fara með úrskurðavald varðandi mál transgender fólks á Íslandi hvort heldur innan heilbrigðisgeirans eða í þjóðfélaginu almennt. Eins og staðan er nú fer framkvæmdavaldið með úrskurðavald í þessum málaflökki.

7.3 Mannréttindaverðlaun Samtakanna '78

Á hátíðarsamkomu í Hafnarhúsinu 27. júní 2008 veitti stjórn Samtakanna '78 viðurkenningar vegna framlags einstaklinga, fyrirtækja eða stofnanna til mannréttinda og jafnréttis. Að þessu sinni hlutu viðurkenningu

Böðvar Björnsson, séra Bjarni Karlsson og félagið Siðmennt.

Á fyrstu árum félagsins var Böðvar Björnsson burðarás í starfsemi Samtakanna '78 og gaf sig óskiptur í starf félagsins. Hann sinnti einnig fræðslustarfi á vegum Samtakanna '78 þar sem alnæmisvarnir komu mikið við sögu. Böðvar var jafnframt ötull við greinarskið í dagblöð og gaf meðal annars árið 1993 út ljóðabókina Önnu Frík sem hverfist um líf og tilfinningar hommans. Það er mörgum í fersku minni þegar Böðvar kom fram í sjónvarpsviðtali snemma á níunda áratugnum, sallarólegur og yfirvegaður þannig að til þess var tekið. Þetta hefðu ekki allir leikið eftir á þessum tíma, enda trúðu ekki allir á að með sýnileikanum myndu við vinna okkar stærstu sigra. Böðvar var einn þeirra sem gekk fram fyrir skjöldu og lagði mikilvægt lóð á vogaskálarnar til að rjúfa þagnarmúrinn sem umlukti tilvist hinsegin fólks.

Sigrar eru aldrei unnir án bandamanna. Þessi setning kemur upp í hugann þegar nafn séra Bjarna Karlssonar í Laugarneskirkju er nefnt. Bjarni er einn þeirra manna sem gert hafa sér far um að opna umræðuna á vettvangi Þjóðkirkjunnar, löngu áður en megin þorri kirkjunnar manna vildu hina bleiku Lilju kveðið hafa. Það er ekki nóg með að Bjarni hafi verið í fylkingaþrjústi þeirra afla innan kirkjunnar sem opna vildu faðm sinn fyrir öllum þeim sem undir regnboganum dvelja. Hann hefur nefnilega einnig látið að sér kveða á hinum akademíska vettvangi en hann ritaði meistaraprófsritgerð árið 2007 við Háskóla Íslands þar sem hann rökstyður að hjónabandið skuli standa öllum fullveðja einstaklingum opið. Ritgerð Bjarna ber yfirskriftina „Gæði náinna tengsla“. Fyrir hinsegin fólk hafa tengslin við Bjarna verið mikilvæg og fyrir þau viljum við þakka.

Vidhorf eru mikilvæg. Sennilegast hefur ekkert eitt afl öðru fremur upplýst og breytt vidhorfum vesturlandabúa meira í átt til jafnréttis og bræðralags eins og siðrænn húanismi, sú hugmyndafræði sem Siðmennt vinur eftir og stendur fyrir. Þeirra aðalsmerki er fælsi og þekking, mannvirðing og samábyrgð. Siðmennt hefur svo sannarlega lagt sitt lóð á vogaskálarnar til þess að hinsegin fólk gæti notið þeirra til jafns við aðra þjóðfélagsþegna. Alltaf þegar orðræðan um samkynhneigða og réttindi þeirra hefur staðið sem hæst hafa Samtökin '78 og hinsegin fólk mátt reida sig á stuðning Siðmenntar. Og alltaf þegar lagafrumvörp um aukin réttindi samkynhneigðra hafa verið lögð fram á Alþingi hefur Siðmennt ávalt sent frá sér jákvæðar umsagnir og stuðningsyfirlýsingar. Vera ldegar athafnir hafa í auknum mæli verið vettvangur Siðmenntar og í þeim hefur félagið kappkostað að mismuna engum,

hvort sem um er að ræða fermyngar, nafngiftir, gefranir eða giftingar. Nei, Siðmennt gerir ekki upp á milli ástarsambanda og leiðir þör saman til giftingar óháð kynhneigð. Þannig verða samkynhneigð þör að hjónum í sömu stöðu og þau gangkynhneigðu í augum húanista. Ástin ræður. Samtökin '78 þakka nú Siðmennt fyrir áratugalangan stuðning.

Í gegnum tíðina hafa margir verið kallaðir til starfa innan hreyfingar samkynhneigðra og fjölmargir lagt af mörkum mikla og óeigingjarna vinnu. Böðvar Björnsson, séra Bjarni Karlsson og Siðmennt hafa með verkum sínum sýnt frumkvæði og þör sem þakkað var fyrir með veitingu viðurkenninganna.

7.4 Alþjóðlegt mannréttindastarf Verndarvættanna

Það var af nógu að taka á starfsvettvangi Verndarvættanna starfsárið 2008-2009, en Vættinnar hafa sem kunnugt er verið samstarfshópur Samtakanna '78 og Íslandsdeildar Amnesty International um alþjóðlega mannréttindabaráttu hinsegin fólks síðan snemma árs 2007.

7.4.1 Íranskur flóttamaður í Bretlandi

Á vordögum 2008 fylgdust Vættinnar m.a. með, og tóku þátt í, baráttu hins níján ára gamla samkynhneigða Írana, Mehdi Kazemi, fyrir landvistarleyfi í Bretlandi. Eins og mörgum er kunnugt er samkynhneigð refsiverð í Íran og var kærasti Kazemi tekinn af lífi þar í landi meðan Kazemi dvaldi sjálfur í Bretlandi, þangað sem hann flutti árið 2005 til að læra ensku. Kazemi óttaðist eðlilega um líf sitt, yrði hann sendur aftur til Írans og sótti því um hæli í Bretlandi. Umsókninni var hafnað. Til þess að komast hjá því að verða sendur aftur til Íran flúði Kazemi því til Hollands. Hollendingar neituðu hins vegar að fjalla um umsókn hans og báru fyrir sig „fyrstalandsreglu“ Dyflinnar-samningsins svokallaða. Reglan kveður á um að flóttamenn í ríkjum Schengensamstarfsins skuli sækja um hæli í því landi sem þeir koma fyrst til. Eftir langt óvissutímabil og gríðarlegan alþjóðlegan þrýsting lauk málinu loks með því að Kazemi var veitt hæli í Bretlandi.

7.4.2 Fyrirlestur samkynhneigðs Zimbabwemans

Af öðrum viðburðum á vettvangi alþjóðlegrar mannréttindabaráttu má nefna heimsókn hommans, lögfræðingsins, stjórnmalafræðingsins og baráttumannsins Oliver Phillips hingað til lands í marsmánuði. Tilgangurinn með heimsókn Phillips var að halda fyrirlestur um samband kynhneigðar og þjóðernisvitundar í löndum sem lengi voru plöguð af nýlendukúgun. Phillips, sem tilheyrði hinum hvíta minnihluta í Zimbabwe, en býr nú í London, fjallaði aðallega um ástandið í fyrrum ættlandi sínu. Þá ræddi hann einnig um stöðu mála í S-Afríku. Fyrirlestur Phillips var hluti af fyrirdestraröðinni *Með hinsegin augum*, en hún var röð 6 fyrirlestra sem Samtökin '78 efndu til við Háskóla Íslands í tilefni 30 ára afmælis síns.

7.4.3 Vættirnar á vaktinni í Ríga

Í maímánuði lögðu Verndarvættirnar land undir fót. Þá ferðudust tvær þeirra, þau Íris Ellenberger og Hilmar Magnússon, til Ríga, höfuðborgar Lettlands, í þeim tilgangi að taka þátt í þarlandri gleðigöngu og hinsegin dögum. Skemmt er frá því að segja að „gleðigan ga“ var í þessu tilfelli mikið rangnefni, enda mannréttindi hinsegin fólks afar skammt á veg komin í Eystrasaltslöndunum. Hundruðir mótmælenda, aðallega þjóðernissinnar, nýnasistar og öfgamenn úr röðum hins rússneskumælandi minnihluta voru samvissusamlega mættir á svæðið. Fólkið hafði hátt, hélt á lofti skiltum með hatursáróðri gegn hinsegin fólki og hafði jafnvel haft fyrir því að búa til brúður sem það lét dingla neðan úr heimatilbúnum gálgu. Göngufólkið, sem taldi í mesta lagi nokkur hundruð, og þar af stærsti hlutinn útlenskt Amnestyfólk, mátti því af öryggisástæðum einungis ganga í hring á afgirtu svæði í miðbænum. Lögreglumenn, gráir fyrir jánum, gættu öryggis göngufólks og þá mátti einnig sjá leyniþjónustufólk á vappi. Þrátt fyrir ógnir og öryggisráðstafanir fór dagskrá hinsegin daga í Ríga vel og fríðsamlega fram og sluppu gestirnir við stein- og saurkast mótmælenda, en slíkt ofbeldi hefur sett mark sitt á hátíðir fyrri ára, í Lettlandi og vðar. Ásamt því að kynnast fulltrúum lettnesku samtaka hinsegin fólks, Mozaika, komust vættirnar í kynni við fulltrúa Amnesty frá ýmsum löndum. Ber þar helst að nefna fulltrúa Færeyinga á hátíðinni, Elínu Mortensen, en hún er framkvæmdastýrnin Amnesty í Færeyjum. Vonast Vættirnar til að tengslin við Elínu og Amnesty í Færeyjum megi verða til þess að beina sjónum Íslendinga í auknu mæli að réttindum og aðstæðum hinsegin fólks í Færeyjum og skapi jafnvel grundvöll að frekara samstarfi félaga hinsegin fólks í löndunum tveimur.

7.4.4 Hinsegin dagar, vetrardvali og vorkoma

Í ágústmánuði tóku Vættirnar þátt í árlegri gleðigöngu Hinsegin daga. Að þessu sinni klæddu Vættirnar sig upp sem bleikar og svartar ofurhetjur og dreifðu blóðum og aðgerðakortum til stuðnings réttindum hinsegin fólks í Lettlandi. Aðgerðin þótti heppnast með ágætum.

Frá Hinsegin dögum hefur starfsemi Verndarvættanna að mestu legið í dvala. Hvort efnahagskreppu og annari óáran í íslensku þjóðlífi sé um að kenna skal hér ósagt látið. Þó er ljóst að af nógu er að taka þegar kemur að því að standa vörð um mannréttindi hinsegin fólks á heimsvísu. Og fullur vilji til að bretta upp emar á ný með hækkandi sól.

8 Starfshópar og samstarf við félög hinsegin fólks

Samkvæmt fðagslögum er hvejum félaga frjálst að stofna hópa um hugðarefni sín og á hverjum vetri starfa fastir hópar félaga um ýmis málafni. Samtökin '78 líta á það sem eitt af hlutverkum sínum að leggja slíku hópastarfi lið og gildir þá einu hvort um er að ræða algjölega sjálfstæða hópa með eigin stjórn, eða þá sem beinlínis starfa innan vebanda félagsins. Njóta þeir sem það kjósa fyrirgreiðslu varðandi aðstöðu í félagsmiðstöð og kynningar á heimasíðu, í fréttabréfi og á póstlista. Margt af þessari starfssemi blómstrar og eflist jafnt og þétt, en í öðrum tilvikum er áhuginn minni enda stendur starfssemi og fdlur með framtaki sjálfbodaða.

8.1.1 Ungliðahópur

Hópurinn hittist hvert sunnudagskvöld í félagsheimilinu að Laugavegi 3. Aðsóknin var vaxandi allt árið og var fjölbreytt starf í gangi. Að jafnaði mættu 25 – 30 ungmenni á aldrinum 15 – 20 ára. Aukinn sýnileiki ungs samkynhneigðs fólks, svo sem í tenglum við Hinsegin daga, og vegna aukinna vinsælda skólafunda, hefur á undanförmum árum fest ungliðahópurinn í sessi sem eina af félagsmiðstöðvum borgarinnar. Haustið 2008 tóku Elín Júlíana Sveinsdóttir og Haukur Árni Hjartarson að sér umsjón hópsins. Af starfinu má nefna námskeið í framkomu og framsögn, kynfræðslukvöld, foreldrakvöld, bíó- og keiluferðir, skemmtikvöld og þátttaka í ungmennaráðstefnum.

8.1.2 Norðurlandshópur – S78N

Tiltökulega lítið fór fyrir starfsemi Norðurlandshópsins. Ungliðahreyfing félagsins hittist þó reglulega og í lok árs almennt félag samkynhneigðra og tvíkynhneigðra saman í einu félagi. Hópurinn hittist á miðvikudögum í félagsmiðstöðinni Rósenborg, gamla barnaskólanum, án endugjalds og hefur mæting almennt verið góð. Ýmislegt hefur verið á dagskrá hjá hópnum svo sem bíóferðir, opið hús, videokvöld og kaffihúsakvöld. Hópurinn hefur einnig starfað undir merkjunum „Gulur, Rauður, Grænn“ en það er samstarfsvettvangur Akureyrarkirkju, FAS og S78N sem á árinu héldu vel sóttá Regnbogamessu í Akureyrarkirkju. Hópurinn stóð fyrir samkomu á Alþjóða alnæmisdeginum þann 1. desember. Á döfinni er skipulagning málþings um stöðu samkynhneigðra á landsbyggðinni þann 12. apríl.



Félagar í S78N

8.1.3 Vemdarvættirnar

Hópurinn er samstarfsvettvangur félaga úr Samtökunum '78 og Amnesty International á Íslandi. Hann hefur það að markmiði að berjast fyrir bættri lagalegri og félagslegri stöðu hinsegin fólks um víða veröld og vekja athygli á mannréttindabrotum sem samkynhneigðir, tvíkynhneigðir og transgender fólk sátir. Hópurinn hefur unnið að stefnumótun á sviði alþjóðlegs mannréttindastarfs Samtakanna '78 og haldið fjölmarga fundi og tekið þátt í kynningum á vettvangi félagsins. Tveir fulltrúar hópsins héldu til Riga í Lettlandi í lok maí. Tilgangur ferðarinnar var þátttaka í Riga Pride göngunni sem atlað er að vekja athygli á

réttindabaráttu STT-fólks í Lettlandi og hefur gangan því sett hörðum mótælum og jafnvel árásum. Hópurinn tók einnig þátt í göngu Hinsegin daga og drefði aðgerðakortum þar sem handhafar voru hvattir til að skrifa yfirvöldum í Lettlandi og fara fram á að mannréttindi STT-fólks séu virt þar í landi.

8.1.4 Trans-Ísland

Félagið Trans-Ísland var formlega stofnað þann 15. febrúar 2007. Félagið er ætlað fólki sem er í óhefðbundinni stöðu með kyn sitt. Það óhefðbundna getur falist í kynáttun, kynhneigð, litningum, hormónajafnvægi, kynhlutverki, félagslegu kyni, skurðaðgerðum er varða kynið, og öðru því er varðar kyn á einhvern hátt. Hópurinn, sem starfar undir regnhlíf Samtakanna '78, hittist fyrsta miðvikudag í mánuði í Regnbogasalnum auk þess sem haldin voru tvö skemmtikvöld. Hópurinn vann að söfnun bóka um málefni transgender fólks og er ætluin að gefa þær bókasafni Samtakanna '78 til varðveislu og útlána. Félagið gefur reglulega út rafrænt fréttabréf á slóðinni <http://groups.google.com/group/trans-is-frettabref>.

8.1.5 HILDI

er félag heymarskerta samkynhneigðra og hittist hópurinn reglulega í heimahúsum og skipuleggur 1-2 ferðir á ári.

8.1.6 AA-deild

AA-deild samkynhneigðra og tvíkynhneigðra hefur komið saman í Regnbogasal hvert þriðjudagskvöld frá 1987, en deiklin á sér lengra og samfélðara líf en nokkur annar hópur sem hittist á vettvangi Samtakanna. Starfið er að öllu leyti óháð starfi Samtakanna '78 en nýtir sér húsnaði félagsins gegn vægri húsaleigu. AA-deild samkynhneigðra hittist einnig hvern sunnudags í Gula húsinu í Tjarnargötu 20.

8.1.7 Ást

Starfsemi ÁST - Áhugahóps samkynhneigðra um trúarkílf lá að mestu niðri á starfsárinu, en í samvinnu við Hinsegin daga í Reykjavík efndi hópurinn til kvöldmessu í Dómkirkjunni við lok hátíðar Hinsegin daga í ágúst og var hún ágætlega sótt. Þar predikaði sr. Anna Sigríður Pálsdóttir, en Hjálmar Jónsson og Þorvaldur Karl Víðisson þjónuðu fyrir altari. Hópur söngvara undir stjórn Jóns Þorsteinssonar leiddu

safnaðarsöng, og söfnuður Dómkirkjunnar bauð viðstöddum í kvöldkaffi á lofti kirkjunnar að lokinni athöfn.

8.1.8 FAS - Samtök foreldra og aðstandenda samkynhneigðra

Samtökin FAS vinna stöðugt samkvæmt markmiðum sínum en þau eru að:

- 1) Gefa foreldrum og aðstandendum samkynhneigðra tækifæri til að hittast, véta þeim stuðning og stuðla að samheldni og samstarfi þeirra.
- 2) Vera sýnilegt afl í samfélaginu og taka þátt í málefnalegum umræðum þegar málefni samkynhneigðra ber á góma.
- 3) Beita sér fyrir og vinna að auknum félagslegum réttindum samkynhneigðra, þar með talið nauðsynlegum lagabreytingum.
- 4) Stuðla að aukinni þekkingu og fræðslu um samkynhneigð og efla skilning á samkynhneigð sem fjölskyldumáli.

Haldnir voru níu stjórnarfundir á árinu auk aðalfundar sem er í maí ár hvert. Auglýstir, fastir fundir samtakanna – samverustundir – voru haldnir á Laugavegi 3 annan miðvikudag í mánuði kl. 20.30, alls átta skipti.

FAS hélt tvo opna fræðslufundi á árinu. Á öðrum ræddi dr. Sigrún Svénbjörnsdóttir, dósent við Háskólann á Akureyri, um “Rödd þagnarinnar; um hinsegin líf, foreldra og fyrirmyndir unga fólksins”, en á hinum töluðu þær Árelía Eydís Guðmundsdóttir og Sigríður Sía Jónsdóttir um efnið “Hin hliðin á skápnum - reynsla fyrir maka samkynhneigðra”.

Samstarf við Samtökin '78 felst aðallega í þátttöku í verkefninu “Samkynhneigð og samfélag” í samstarfi við Menntasvið Reykjavíkurborgar. FAS gekk einnig á árinu undir merkjum í Gay pride eins og undanfarin ár og fylgjar þeim aðstandendum og vinum stöðugt sem kjósa að ganga undir merkjum FAS.

FAS sendi á sl. vori umsögn um stjórnarfrumvarp um breytingu á lögum um staðfesta samvist til allsherjamefndar Alþingis og hvatti þar til að ein hjúskaparlög yrðu látin gilda fyrir alla, samkynhneigða jafnt sem gagnkynhneigða..

8.1.9 Hinsegin dagar í Reykjavík

Með nýjum lögum Hinsegin daga í Reykjavík árið 2006 var tekin upp sú nýskipan að félag og hreyfingar skipa ekki lengur fulltrúa í stjórn Hinsegin daga eins og áður, heldur eru þeir kosnir persónukosningu á árlegum aðalfundi úr röðum félagsmanna, en allir þeir sem styðja tilgang og markmið Hinsegin daga geta gerst þar félagar. Samtökin '78 áttu engu að síður náð og gott samstarf við Hinsegin daga sem héldu fjölmarga fundi í húsnæði félagsins og einnig nutu Hinsegin dagar þess að nýta húsnæði Samtakanna yfir hátíðisdagana til fundarhalds og þjónustu við starfsfólk hátíðarinnar. Með leyfi Hinsegin daga nýttu Samtökin '78 einnig hátíðina til eigin fjárflounar og seldu merki félagsins í miðbænum. Hinsegin dagar í Reykjavík styrktu fyrirlestraröðina „Með hinsegin augum“ sem Samtökin '78 áttu frumkvæði að í Háskóla Íslands 2008 svo og útgáfu afmálarits félagsins.

8.1.10 KMK

KMK er félagsskapur samkynhneigðra og tvíkynhneigðra kvenna. Markmið félagsins er að bjóða upp á fjölbreytta skemmtidagskrá sem höfðar til kvenna á öllum aldri og eru um 300 konur á póstlista félagsins. Af viðburðum starfsársins má nefna hina árlegu Góugeði sem að þessu sinni var haldin á Silfur Restaurant við Austurvöll. Fjölmargar listakonur komu fram og veislustjóri var Ólafía Hrönn Jónsdóttir. Þá stóð félagið fyrir fjölskyldudegi í Heiðmörk, golfkeppni, bókmenntakvöldi, kvennapartý á Qbar, jólakakó og piparkökur á aðventunni, quis-kvöld, L-Word partý og kökubasar.

8.1.11 St. Styrmir

Strákafélagið Styrmir var stofnað árið 2006 í þeim tilgangi að bjóða samkynhneigðum mönnum upp á íþróttastarf. Félagið hefur það að markmiði að bjóða upp á íþróttir þar sem þátttaka er sett ofar sigri og engum meinaður aðgangur að æfingum. Auk þess setja félagar sér það markmið að vera fyrirmyndir frekar en staðalímyndir og telja að með sýnileika þjóni þeir mikilvægu forvarnarstarfi. Félagið býður meðal annars upp á knattspyrnuæfingar tvisvar sinnum í viku í íþróttahúsinu Fífunni í Kópavogi. Stærsta verkefni ársins var þátttaka í heimsmeistaravotí samkynhneigðra liða, ILGFA – International Lesbian and Gay Football Association, sem haldið var í London. Vakti þátttaka liðsins í mótinu talsverða athygli hér heima. Á vormánuðum 2008 tóku Styrmismenn ennfremur þátt í Pan Cup í Kaupmannahöfn. Styrmismenn náðu á

mótinu sínum besta árangri til þessa og höfnuðu í öðru sæti eftir spennandi úrslitaleik þar sem að úrslitin réðust eftir taugastrekkjandi vítaspyrnukeppni.

Mikil orka fór í skipulagningu fyrir alþjóðlegt knattspyrnumót fyrir samkynhneigða sem haldið verður um páskana 2009 hér á landi. Strákafélagið Styrmir varð formlega aðili að Íþróttabandalagi Reykjavíkur og þ.a.l. aðildarfélag að ÍSí. Mun þetta vera fyrsta íþróttafélag samkynhneigða sem starfað hefur innan ÍSí.

Sunddeild var stofnuð undir merkjum Styrmis haustið 2008 og hefur aðsókn að sundæfingum félagsins vaxið mikið. Styrmisspiltar og -stúlkur hittust tvisvar í viku í vetur og æfðu undir handleiðslu Hafðísar Erlu Hafsteinsdóttur þaulreyndrar sundkonu og -þjálfara. Vinsældir sunddeilarinnar hafa verið svo miklar að félagið stefnir á að fjölga æfingum á árinu 2009 og jafnvel bæta við sjósundsdeild.

8.1.12 MSC Ísland

MSC Ísland var stofnað árið 1985 og hafði þar erlenda vélhjólaklúbba að fyrirmynd. Félagið er skemmtifélag karlmanna og starfar óháð Samtökunum '78. MSC fluttist á haustmánuðum 2008 í nýrri og betra húsnæði að Laugarvegi og hefur starfsemi félagsins eftir það tekið stakkaskiptum og aðsókn margfaldast.

8.1.13 Lez Jungle

Sumarið 2008 stofnuðu nokkrar stelpur knattspyrnuhóp undir merkjum Lez Jungle. Stelpurnar hittast nú á hverjum fimmtudegi kl. 19 í Sporthúsinu í Kópavogi og spila fótbolta. Allar stelpur eru velkomnar án tillits til getu. Veturinn 2008 – 2009 æfði liðið undir stjórn Guðlaugar Jónsdóttur, fyrrveandi landsliðskonu og aðstoðarþjálfara KR, enda stefna Lez Jungle stelpur á þátttöku í Outgames í Kaupmannahöfn sumarið 2009. Heimasíða félagsins er www.lez-jungle.com